



# Ársskýrsla og reikningar UMSK 2014

91. ársþing 26. febrúar 2015



## Efnisyfirlit

|                                          |    |
|------------------------------------------|----|
| Dagská 91. ársþings .....                | 4  |
| Fjöldi þingfulltrúa .....                | 5  |
| Ávarp formanns .....                     | 6  |
| 90. ársþing .....                        | 7  |
| Stjórnin .....                           | 9  |
| Aðildarfélög .....                       | 9  |
| Fjöldi iðkenda pr. íþróttagrein .....    | 12 |
| Punktar úr starfi 2014 .....             | 13 |
| Fréttir frá UMFÍ.....                    | 18 |
| Fréttir frá ÍSÍ .....                    | 20 |
| Afreksmannasjóður reglugerð.....         | 22 |
| Reglugerð um heiðursviðurkenningar ..... | 22 |
| Frá félögunum .....                      | 23 |
| Afrekaskrá í frjálsum íþróttum .....     | 40 |
| Viðurkenningar .....                     | 42 |
| Af spjöldum sögunnar.....                | 46 |
| Lög .....                                | 48 |
| Reikningar 2014 .....                    | 50 |



## Ungmennasamband Kjalarnesþings

## Skýrslan

Skýrsla 2014, lögð fram á 91. ársþingi  
Ungmennasambands Kjalarnesþings var unnin  
á skrifstofu UMSK af Valdimar Gunnarssyni  
í febrúar 2015.

### Umbrot og hönnun:

Magnús Óskarsson

### Höfundar efnis:

Valdimar Leó Friðriksson

Valdimar Gunnarsson

Jón Kristján Sigurðsson

Halla Kjartansdóttir

**Ljósmyndir:** Úr safni UMSK og frá félögum.

**Prentun:** Litlaprent.





## 91. ársþings UMSK

Haldið í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ fimmtudaginn 26. febrúar 2015 kl. 18:00

### Dagskrá

#### Kl. 18:00 Þingsetning

Kosning fyrsta og annars þingforseta  
Kosning fyrsta og annars þingritara  
Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar  
Skýrsla stjórnar lögð fram  
Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Ávörp gesta  
Álit kjörbréfanefndar  
Staðfesting á aðild nýrra félaga  
Umræður um skýrslu stjórnar  
Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga

Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd  
Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram  
Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram  
Aðrar tillögur lagðar fram  
Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir  
Afgreiðsla á álitum nefnda

Önnur mál  
Kosningar, kjörnefnd skilar álitum  
a. Kosning formanns  
b. Kosning tveggja stjórnarmanna  
c. Kosning þriggja manna í varastjórn  
d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara  
e. Kosning til Íþróttabings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttabing er haldið

### Þingslit

# Aðildarfélög UMSK 2014

## - fjöldi félaga 16 ára+/fjöldi fulltrúa á þing

| Félag                                       | Félagar 16+ | Fjöldi fulltrúa |
|---------------------------------------------|-------------|-----------------|
| Afturelding                                 | 5381        | 9               |
| Augnablik                                   | 108         | 1               |
| Breiðablik                                  | 9341        | 9               |
| Bogfímifélagin Boginn                       | 249         | 2               |
| Dansfélagið Hvönn                           | 331         | 3               |
| Dansfélag Garðabæjar                        | 0           | 1               |
| Dansíþróttafélag Kópavogs                   | 650         | 7               |
| Fótboltafélagið Skínandi                    | 19          | 1               |
| Golfklúbbur Álftaness                       | 155         | 2               |
| Golfklúbbur Bakkakots                       | 253         | 3               |
| Golfklúbburinn Kjölur                       | 714         | 7               |
| Golfklúbburinn Nesklúbburinn                | 629         | 6               |
| Golfklúbburinn Oddur                        | 1070        | 9               |
| Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar          | 1588        | 9               |
| Handknattleiksfélag Kópavogs                | 8260        | 9               |
| Hestaíþróttafélagið Hörður                  | 642         | 6               |
| Hestamannafélagið Adam                      | 44          | 1               |
| Hestamannafélagið Sóti                      | 101         | 1               |
| Hestamannafélagið Sprettur                  | 755         | 8               |
| Hjólreiðafélagið Hjólamenn                  | 63          | 1               |
| Hnefaleikafélag Kópavogs                    | 47          | 1               |
| Hvíti riddarinn                             | 59          | 1               |
| Íþróttafélag aldraðra Kópavogi              | 117         | 1               |
| Íþróttafélagið Gáski                        | 34          | 1               |
| Íþróttafélagið Gerpla                       | 6610        | 9               |
| Íþróttafélagið Glóð                         | 243         | 2               |
| Íþróttafélagið Gróttu                       | 1580        | 9               |
| Júðofélag Garðabæjar                        | 5           | 1               |
| Knattspyrnufélag Garðabæjar                 | 53          | 1               |
| Knattspyrnufélagið Ísbjörninn               | 71          | 1               |
| Knattspyrnufélagið Krían                    | 0           | 1               |
| Knattspyrnufélagið Vatnaliljur              | 30          | 1               |
| Knattspyrnufélagið Örninn                   | 0           | 1               |
| Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar            | 26          | 1               |
| Kraftlyftingafélag Seltjarnarness - Zetorar | 39          | 1               |
| Motomos                                     | 226         | 2               |
| Rugbyfélagið Stormur                        | 25          | 1               |
| Siglingafélagið Ýmir                        | 293         | 3               |
| Skautafélagið Fálkar                        | 109         | 1               |
| Skotfélag Kópavogs                          | 209         | 2               |
| Skylmingafélag Seltj.                       | 32          | 1               |
| Stál-úlfur                                  | 95          | 1               |
| Tennisfélag Garðabæjar                      | 175         | 2               |
| Tennisfélag Kópavogs                        | 664         | 7               |
| Umf. Álftaness                              | 1172        | 9               |
| Umf. Stjarnan                               | 3453        | 9               |

---

**Samtals: 165**

---

# Ávarp formanns



*Aðildarfélög UMSK eru 46, þar af eru 6 fjölgreinafélög með 44 deildir. Félagsmenn eru 66.111 og þar af eru 27.273 iðkendur í 30 íþróttagreinum.*

*Við höfum verið í stefnumótunarvinnu. Sú vinna snérist ekki einungis um að skoða UMSK og finna því farveg inn í framtíðina, heldur að fá fólk með ólíkan bagrunn saman til að skiptast á skoðunum um íþróttastarfið og horfa til framtíðar.*

*Það er öllum holt að líta upp frá daglegum rekstri, horfa fram á við. „Framtíðin kemur“ hvort sem okkur líkar betur eður ei. Hvað erum við að gera og hvert ætlum við? Hvað eru kollegarnir í næsta félagi að gera? En mikilvægast er sennilega að spyrja notendur þjónustunnar hvernig þeir vilja sjá framtíðarstarfið. UMSK steig skref í þá átt með könnun í samstarfi við Rannsókn og greiningu. Vonandi hefur það svarað einhverjum spurningum um hvort við séum á réttri leið.*

*Héraðssambönd er tilvalinn vettvangur til að staldra við og skoða hvað má getur fara.*

*Á ráðstefnu í Svíþjóð fengum við að heyra fróðleg erindi um rannsóknir á vilja notendanna. Ég reikna með að íþróttaiðkendur í Svíþjóð og Danmörku séu ekki svo ýkja frábrugðin okkar fólki.*

*Brottfall er sviðað á hinum norðurlöndunum. En brottfall úr einni íþróttagrein þarf ekki að þýða að viðkomandi sé hættur að iðka.*

*Þeir sem bjóða upp á jadargreinar, hafa orðið varir við aukningu hjá sér á síðustu árum.*

*Síðan er það hópurinn sem finnst það ekki vera aðalatriðið að vera í félagi. Þau stunda áfram íþróttir á eigin vegum og sækja gjarnan í líkamsræktarstöðvarnar.*

*Í sænskri könnun kom m.a. þetta svar fram hjá ungum dreng; “ég verð ekki afreksmaður og vil því ekki eyða svo miklum tíma í íþróttaiðkun, sný mér að skólanum og ræktinni þar sem ég ræð mínum tíma og fæ gott útlit.”*

*Við getum ekki borið saman æskuna í dag við æsku fyrri ára. Það myndi gefa okkur ranga mynd, einfaldlega af þeirri staðreynd að, það er allt öðruvísi að alast upp í dag miðað við þegar við vorum að alast upp. Þó ekki væri nema fyrir tæknibyltinguna. Hver kynslóð er einstök.*

*Fyrir unglingana í dag skiptir „keppni“ minna máli en áður. Matarræðið og heilsan veга áfram þungt, en við hefur best nýr þáttur; útlit. Og það útlit sem sóst er eftir fæst gjarnan með því að fara í tækjasalinn.*

*Það eru margir þættir sem hafa áhrif á vilja til að sækja skipulagðar æfingar og keppnir hjá íþróttafélögnum. Þeir þættir sem eru oftast nefndir eru; vinir eða 46%, foreldrar 31% og systkyni 13%. Við þurfum að ná til þessara hópa rétt eins og til mögulegra iðkenda.*

*Þau eiga það sameiginlegt að nota snjallsíma og að varfa á veraldarvefnum. Það er þar sem við náum til þeirra í framtíðinni. Nauðsynlegt er að hvetja ungt fólk til íþróttaiðkunnar á spjallsíðunum, með áhugaverðum og myndrænum upplýsingum.*

*Ágætu þingfulltrúar.*

*Ég vil að lokum þakka stjórn, framkvæmdastjóra og aðildarfélögnum fyrir frábært starf og samstarf á starfsárinu.*

**Valdimar Leó Friðriksson**  
**Formaður UMSK**

# 90. ársþing UMSK

var haldið fimmtudaginn 27. febrúar 2014

kl. 18.00 í Laugardalshöll.

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið. Hann bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þingsins. Valdimar sagði meðal annars að innan UMSK væru 43 félög þar af 6 fjölgreinafélög með 44 deildir. Félagsmenn eru 61.221 og þar af 24.510 iðkenndur í 27 íþróttagreinum. Valdimar greindi frá því að sambandið hafi farið í stefnumótunarvinnu í samvinnu við KPMG.

Þrír stjórnarmenn þau Albert Valdimarsson, Ester Jónsdóttir og Alda Helgadóttir gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórninni eftir langt og farsælt starf og færði Valdimar þeim þakki fyrir þeirra framlag til UMSK.

Þingforseti var kosinn Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir og þingritari Helga Jóhannesdóttir.

Þingforseti gaf Valdimar Leó formanni UMSK orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Valdimar fór yfir það helsta í starfi UMSK síðasta starfsárið.

Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri UMSK fór yfir endurskoðaða reikninga sambandsins. Samkvæmt ársreikningi voru rekstrartekjur 71.348.745, rekstrargjöld voru krónur 69.385.831, vaxtagjöld 343.984 og hagnaður ársins 2013 var kr. 2.306.898.

Helga Guðjónsdóttir formaður Ungmennafélags Íslands (UMFÍ), Lárus Blöndal forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) og Jón M. Ívarsson, söguritari voru gestir þingsins.

Helga skilaði kveðju frá stjórn og starfsmönnum UMFÍ og þakkaði góða skýrslu sem ber vott um gott starf sem unnið er í sambandinu.

Helga afhenti, fyrir hönd stjórnar UMFÍ, gullmerki UMFÍ eftirfarandi þremur aðilum:

Albert H. N. Valdimarssyni, Ester Jónsdóttur og Svani M. Gestssyni.

Lárus sagði að það þekktu allir sjálfbodaliðastarfið sem er nauðsynlegt til að styðja við barna- og unglingastarfið. Í dag eru gerðar mikla kröfur til íþróttahreyfingarinnar og miklar kröfur væru gerðar til þjálfara. Lárus sagði frá reynslu sinni sem formaður Stjórnunnar í Garðabæ og hversu erfitt væri oft að ná eyrum sveitarstjórnarmanna. Þörfin fyrir íþróttamannvirkni er mikill og svo virðist sem skilningur sveitarstjórnarmanna hvað þetta varðar væri að aukast.

Jón sagði að fyrsti hluti sögu UMSK 1922 -1942 væri kominn út og unnið væri að næsta tímabilið sem eru árin 1942-1962.

Sjö félög sóttu um aðild að UMSK frá síðasta þingi og lágu umsóknir þeirra til staðfestingar á þinginu. Þingið staðfesti umsókn Knattspyrnufélagsins Arnarins Kópavogi, Knattspyrnufélagsins Kriunnar Seltjarnarnesi, Hnefaleikafélags Kópavogs og Dansfélags Garðabæjar. Þingið staðfesti ekki umsókn Knattspyrnufélagsins Lummunnar Kópavogi, Lyftingafélags Garðabæjar og Lyftingafélags Kópavogs.



Albert H. N. Valdimarsson, Ester Jónsdóttir og Svanur M. Gestsson.



Björg, Svanur, Ester, Albert og Helga.



Ester Jónsdóttir og Valdimar Leó.



Hermann Vilmundarson tekur við félagsmálaskyldi UMSK f.h. Guðmundar Hagalínssonar.



### Verðlaun og viðurkenningar á þinginu:

**Afreksmaður UMSK 2013** - Auðunn Jónsson

**UMFÍ bikarinn** - Blaklið HK karla.

**Fimleikabikarinn** - Dominik Alma frá Gróttu

**Skíðabikarinn** - Erla Ásgeirsdóttir Breiðablik

**Dansbikarinn** - Höskuldur Þór Jónsson og

Margrét Hörn Jóhannsdóttir DÍK

**Frjálsíþróttabikarinn** - Kári Steinn Karlsson Breiðablik

**Sundbikarinn** - Aníta Ósk Hrafnisdóttir Breiðablik

**Félagsmálaskjöldinn** - Guðmundur Hagalínsson Spretti

### Stafsmerki UMSK

Guðjón Magnússon, Hestamannafélagið Hörður

### Silfurmerki UMSK

Jón Finnbogason Gerplu

Hafsteinn Örn Guðmundsson Hvönn

### Gullmerki UMSK

Ester Jónsdóttir Breiðablik

Sævar Kristinsson frá KPMG fór yfir stöðu stefnumótunarvinnu UMSK.

Fór Sævar yfir þá helstu þætti sem nefndir hafa verið á fundum með framkvæmdastjórum félaganna, íþróttafulltrúum bæjarfélaganna og stjórn UMSK.

Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri UMSK lagði fram fjárhagsáætlun UMSK árið 2014 fram. Gert er ráð fyrir að reksturinn verði svipaður í ár og síðast ár. Tækjur UMSK eru áætluð kr. 65.500.000,-, gjöld kr. 64.060.000,- og rekstrarafgangur er áætlaður um 1.440.000,-

Samþykkt var breyting á reglugerð um Lottó á þá leið 14% renni til sambandsins í stað 15%, 7,0% renni til Afrekssjóðs UMSK í stað 5,0% og 79% renni til aðildarfélaga í stað 80%. Breyting þessi tók gildi 1.1.2015

Einnig var samþykkt breyting á að Lottóreglugerð tiki gildi fyrsta dag næsta árs eftir að breytingin er samþykkt.

### Kosning formanns

Í kjöri til formanns var Valdimar Leó Friðriksson Aftureldingu og var hann kosinn einróma.

### Í kjöri til stjórnar UMSK

Í kjöri til stjórnar UMSK voru Margrét Björnsdóttir Ýmir, Lárus B. Lárusson-Gróttu, Guðmundur Sigurbergsson-Breiðablik og Magnús Gíslason HK. Voru þau kosin einróma.

### Í kjöri til varastjórnar UMSK

Í kjöri til varastjórnar UMSK voru: Helga Jóhannesdóttir-Aftureldingu, Sólveig Jónsdóttir Gerplu og Þorsteinn Þorbergsson Stjórnunni. Voru þau kosin einróma.

Valdimar Leó formaður UMSK þakkaði Albert, Öldu og Ester fyrir vel unnin störf í þágu UMSK og sleit síðan þinginu.



Auðunn Jónsson - Afreksmaður UMSK 2013.



Dansbikarinn - Höskuldur Þór Jónsson og Margrét Hörn Jóhannsdóttir.



Fimleikabikarinn - Dominik Alma og Valdimar Leó.



Sundbikarinn - Aníta Ósk Hrafnisdóttir Valdimar Leó.



Ester Jónsdóttir, Jón Finnbogason, Íris Aníta og Guðjón Magnússon



## Stjórn UMSK



### Formaður:

Valdimar Leó Friðriksson.  
Furubyggð 32, 270 Mosfellsbæ,  
netfang valdimarleo@umsk.is



### Varaformaður:

Magnús Gíslason.  
Gullsmára 9, 201 Kópavogur



### Gjaldkeri:

Guðmundur Sigurbergsson.  
Lindasmára 57, 201 Kópavogur



### Ritari:

Margrét Björnsdóttir.  
Fellasmára 10, 201 Kópavogi.



### Meðstjórnandi:

Lárus B. Lárusson.  
Lindarbraut 8, 170 Seltjarnarnes



### Varastjórn:

Sólveig Jónsdóttir.  
Borgarholtsbraut 27, 200 Kópavogur



Þorsteinn Þorbergsson.  
Ásbúð 3 Garðabæ



Helga Jóhannesdóttir.  
Hjarðaland 4a Mosfellsbæ



### Framkvæmdastjóri:

Valdimar Smári Gunnarsson.  
umsk@umsk.is,  
sími 5144090 / 8948503

### Skrifstofan

Skrifstofa sambandsins er að Engjavegi 4, Reykjavík  
og er opin alla virka daga frá 9:00 -16:00.

## Aðildarfélög UMSK 2014



**Afturelding** [www.afturelding.is](http://www.afturelding.is)  
Ungmennafélagið Afturelding, Mosfellsbæ  
Félagið stofnað: 11. apríl 1909  
Formaður: Guðjón Helgason



**UMFÁ** [www.umfa.is](http://www.umfa.is)  
Ungmennafélag Alftaness  
Félagið stofnað: 6. janúar 1946  
Formaður: Guðjón Þór Þorsteinsson



**Breiðablik** [www.breiðablik.is](http://www.breiðablik.is)  
Breiðablik ungmennafélag, Kópavogi  
Félagið stofnað: 12. febrúar 1950  
Formaður: Hannes Strange



**Gerpla** [www.gerpla.is](http://www.gerpla.is)  
Íþróttafélagið Gerpla, Kópavogi  
Félagið stofnað: 25. apríl 1971  
Formaður: Harpa Þorláksdóttir



**Stjarnan** [www.stjarnan.is](http://www.stjarnan.is)  
Ungmennafélagið Stjarnan, Garðabæ  
Félagið stofnað: 30. október 1960  
Formaður: Jóhann Steinar Ingimundarson



**Grótta** [www.grottasport.is](http://www.grottasport.is)  
Íþróttafélagið Grótta, Seltjarnarnesi  
Félagið stofnað: 24. apríl 1967  
Formaður: Haraldur Eyvinds Þrastarsson



**HK** [www.hk.is](http://www.hk.is)  
Handknattleiksfélag Kópavogs, Kópavogi  
Félagið stofnað: 26. janúar 1970  
Formaður: Sigurjón Sigurðsson



**Ymir** [www.siglingafelag.is](http://www.siglingafelag.is)  
Siglingafélagið Ymir, Kópavogi  
Félagið stofnað: 4. mars 1971  
Formaður: Aðalsteinn Jens Loftsson



**Kjölnir** [www.gkj.is](http://www.gkj.is)  
Golfklúbburinn Kjölnir, Mosfellsbæ  
Félagið stofnað: 5. desember 1980  
Formaður: Guðjón Karl Þórisson



**Gáski**  
Íþróttafélagið Gáski, Mosfellsbæ  
Félagið stofnað: 10. júní 1982  
Formaður: Snorri Magnússon



**GKG** [www.gkg.is](http://www.gkg.is)  
Golfklúbbur, Kópavogs og Garðabæjar  
Félagið stofnað: 24. mars 1994  
Formaður: Guðmundur Oddsson



**Hörður** [www.hordur.is](http://www.hordur.is)  
Hestaíþróttafélagið Hörður, Mosfellsbæ  
Félagið stofnað: 22. febrúar 1950  
Formaður: Jóna Dís Bragadóttir



**SPRETTUR** [www.sprettarar.is](http://www.sprettarar.is)  
Hestamannafélagið Sprettur, Kópavogi/Garðabæ  
Félagið stofnað: 29. júní 2012  
Formaður: Linda Björk Gunnlaugsdóttir



**SFK**  
Skotfélag Kópavogs, Kópavogi  
Félagið stofnað: 28. apríl 1989  
Formaður: Jóhann A. Kristjánsson



**TFK** [www.tfk.is](http://www.tfk.is)  
Tennisfélag Kópavogs, Kópavogi  
Félagið stofnað: 4. júní 1991  
Formaður: Jón Axel Jónsson



**GOB** [www.golf.is/gob](http://www.golf.is/gob)  
Golfklúbbur Bakkakots, Mosfellsdal  
Félagið stofnað: 15. júní 1991  
Formaður: Gunnar Ingi Björnsson



**GO** [www.oddur.is](http://www.oddur.is)  
Golfklúbburinn Oddur, Garðabæ  
Félagið stofnað: 14. júlí 1993  
Formaður: Ingi Þór Hermannsson



**Sóti** [www.hmfsoti.com/](http://www.hmfsoti.com/)  
Hestamannafélagið Sóti, Bessastaðahreppi  
Félagið stofnað: 30. maí 1994  
Formaður: Jóhann Þór Kolbeinsson



**NK** [www.golf.is/nk](http://www.golf.is/nk)  
Golfklúbbur Ness  
Félagið stofnað: 1964  
Formaður: Ólafur Ingi Ólafsson



**Augnablik**  
Knattspyrnufélagið Augnablik  
Félagið stofnað: 1981  
Formaður: Sigurjón Jónsson



**ÍAK**  
Íþróttafélag aldraðra Kópavogi  
Félagið stofnað: 27. október 1994  
Formaður: Hörður Þorleifsson



**Hvönn** [www.hvonn.com](http://www.hvonn.com)  
Dansfélagið Hvönn, Kópavogi  
Félagið stofnað: 21. október 1995  
Formaður: Hafsteinn Örn Guðmundsson



**DÍK** [www.dansari.is](http://www.dansari.is)  
Dansíþróttafélag Kópavogs  
Félagið stofnað: 1. desember 2001  
Formaður: Ellen Dröfn Björnsdóttir



**Riddarinn** [www.riddarinn.is](http://www.riddarinn.is)  
Hvíti Riddarinn  
Félagið stofnað: 27. janúar 2004  
Formaður: Kristján Sigurðsson



**Skylmingarfélag Seltjarnarness**  
Skylmingarfélag Seltjarnarness  
Félagið stofnað: apríl 2003  
Formaður: Helgi Njálsson



**ÍGK** [www.glod.is](http://www.glod.is)  
Íþróttafélagið Glóð, Kópavogi  
Félagið stofnað: 24. október 2005  
Formaður: Sigurbjörg Björgvinsdóttir



**GÁ** [www.golf.is/pages/klubbar/klubbasida/](http://www.golf.is/pages/klubbar/klubbasida/)  
Golfklúbbur Álfтанess  
Félagið stofnað: 14. maí 2002  
Formaður: Björn Sveinbjörnsson



**Hjólamenn** [www.hjolamenn.is](http://www.hjolamenn.is)  
Hjólreiðafélagið Hjólamenn  
Félagið stofnað: 11. nóvember 2004  
Formaður: Gunnlaugur Jónsson



**Motomos** [www.motomos.is](http://www.motomos.is)  
Vélhjólaiþróttaklúbbur Mosfellsbæjar  
Félagið stofnað:  
Formaður: Guðni Friðgeirsson

**Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar**  
Félagið stofnað: 13. desember 2009  
Formaður: Hjalti Árnason



**Tennisfélag Garðabæjar** [www.tfg.is](http://www.tfg.is)  
Félagið stofnað: 4. desember 2008  
Formaður: Eypór Rafn Þórhallsson



**Knattspyrnufélag Garðabæjar**  
Félagið stofnað: 12. mars 2008  
Formaður: Lárus Guðmundsson



**Hestamannafélagið Adam Kjós**  
<http://www.kjos.is/felagasamtok/hesta-mannafelagid-adam/>  
Félagið stofnað 8. febrúar 2007  
Formaður: Björn Guðbrands Ólafsson



**Íþróttafélagið Stál-úlfur** [www.stalulfur.blogcentral.is/Kopavogi](http://www.stalulfur.blogcentral.is/Kopavogi)  
Félagið stofnað 1. janúar 2010  
Formaður: Algirdas Slapikas



**Judófélag Garðabæjar** [www.jg.is](http://www.jg.is)  
Félagið stofnað: 27. maí 2010  
Formaður: Haukur Hafsteinsson



**Kraftlyftingafélag Seltjarnarness**  
Zetorar  
Félagið stofnað: 10. janúar 2011  
Formaður: Magnús Guðmundsson

**Skautafélagið Fálkar**

Kópavogi  
Félagið stofnað: 20. október 2010  
Formaður: Vilhelm Patrick Bernhöft

**Rugbyfélagið Stormur**

Seltjarnarnesi  
Félagið stofnað: 29. september 2010  
Formaður: Kristinn Þór Sigurjónsson

**Bogfímifélagið Boginn** [www.boginn.is](http://www.boginn.is)

Kópavogi  
Félagið stofnað: 10. Júlí 2012  
Formaður: Guðmundur Þ Guðjónsson

**Knattspyrnufélagið Vatnaliljur**

Kópavogi  
Félagið stofnað: 22. september 2012  
Formaður: Kristinn Pálsson

**Knattspyrnufélagið Skínandi**

Garðabæ  
Félagið stofnað: 7. janúar 2012  
Formaður: Baldur G Jónsson

**Knattspyrnufélagið Ísbjörninn**

Kópavogi  
Félagið stofnað: 17. mars 2008  
Formaður: Hafþór Karlsson

**Knattspyrnufélagið Örninn**

Kópavogi  
Félagið stofnað: 18. des 2013  
Formaður: Trausti Baldursson

**Knattspyrnufélagið Krían**

Seltjarnarnesi  
Félagið stofnað: 15. Janúar 2014  
Formaður: Gunnar Þorbergur Gylfason

**Hnefaleikafélag Kópavogs**

Félagið stofnað: 21. febrúar 2013  
Formaður: Kjartan Valur Guðmundsson

**Dansfélag Garðabæjar**

Félagið stofnað: 25. ágúst 2012  
Formaður: Ingibjörg Gísladóttir

**Umsók eftirfarandi félaga  
verða teknar fyrir á þinginu:**

Lyftingafélag Garðabæjar  
Lyftingafélag Kópavogs

## Aðildarfélag UMSK 2014

### - fjöldi félaga og fjöldi iðkenda


| Aðildarfélag:                               | Fjöldi<br>iðkenda | Fjöldi<br>félaga |
|---------------------------------------------|-------------------|------------------|
| Afturelding                                 | 2.493             | 7.088            |
| Augnablik                                   | 87                | 108              |
| Bogfímifélagin Boginn                       | 311               | 311              |
| Breiðablik                                  | 3.333             | 13.151           |
| Dansfélagið Hvönn                           | 428               | 748              |
| Dansíþróttafélag Kópavogs                   | 518               | 1.375            |
| Fótboltafélagið Skínandi                    | 5                 | 19               |
| Golfklúbbur Álftaness                       | 78                | 179              |
| Golfklúbbur Bakkakots                       | 263               | 263              |
| Golfklúbburinn Kjölur                       | 799               | 799              |
| Golfklúbburinn Nesklúbburinn                | 663               | 663              |
| Golfklúbburinn Oddur                        | 1.097             | 1.097            |
| Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar          | 1.855             | 1.855            |
| Handknattleiksfélag Kópavogs                | 3.269             | 11.293           |
| Hestaíþróttafélagið Hörður                  | 755               | 757              |
| Hestamannafélagið Adam                      | 51                | 51               |
| Hestamannafélagið Sóti                      | 146               | 146              |
| Hestamannafélagið Sprettur                  | 957               | 1.074            |
| Hjólreiðafélagið Hjólamenn                  | 65                | 65               |
| Hnefaleikafélag Kópavogs                    | 64                | 65               |
| Hvíti riddarinn                             | 59                | 59               |
| Íþróttafélag aldraðra Kópavogi              | 94                | 117              |
| Íþróttafélagið Gáski                        | 30                | 34               |
| Íþróttafélagið Gerpla                       | 1.891             | 12.102           |
| Íþróttafélagið Glóð                         | 306               | 243              |
| Íþróttafélagið Grótta                       | 1.952             | 2.603            |
| Júðofélag Garðabæjar                        | 19                | 47               |
| Knattspyrnufélag Garðabæjar                 | 38                | 53               |
| Knattspyrnufélagið Ísbjörninn               | 18                | 71               |
| Knattspyrnufélagið Krían                    | 0                 | 0                |
| Knattspyrnufélagið Vatnaliljur              | 27                | 30               |
| Knattspyrnufélagið Örninn                   | 0                 | 0                |
| Kraftlyftingafélag Mosfellsbæjar            | 19                | 27               |
| Kraftlyftingafélag Seltjarnarness – Zetorar | 39                | 39               |
| Rugbyfélagið Stormur                        | 25                | 25               |
| Siglingafélagið Ýmir                        | 271               | 305              |
| Skautafélagið Fálkar                        | 98                | 110              |
| Skotfélag Kópavogs                          | 152               | 290              |
| Skylmingafélag Seltjarnarness               | 47                | 51               |
| Stálúlfur                                   | 91                | 95               |
| Tennisfélag Garðabæjar                      | 259               | 284              |
| Tennisfélag Kópavogs                        | 871               | 871              |
| Umf. Álftaness                              | 459               | 1.498            |
| Umf. Stjarnan                               | 2.914             | 5.762            |
| Vélhjólaíþróttaklúbbur Mosfellsbæja         | 227               | 256              |
| <b>Samtals:</b>                             | <b>27.273</b>     | <b>66.111</b>    |



## Fjöldi iðkenda pr. íþróttagrein sem stundaðar eru innan UMSK

| Íþróttagrein:     | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 |
|-------------------|------|------|------|------|------|------|------|
| Bandy             | 0    | 40   | 43   | 24   | 42   | 59   | 118  |
| Blak              | 368  | 409  | 451  | 585  | 633  | 782  | 920  |
| Bogfimi           |      |      |      |      |      |      | 311  |
| Badminton         | 47   | 74   | 62   | 68   | 0    | 52   | 71   |
| Borðtennis        | 75   | 79   | 40   | 66   | 77   | 77   | 89   |
| Dans              | 724  | 700  | 865  | 870  | 1431 | 1400 | 1499 |
| Frjálsar íþróttir | 260  | 290  | 273  | 454  | 425  | 354  | 502  |
| Fimleikar         | 2640 | 2290 | 2874 | 2759 | 2815 | 3341 | 3604 |
| Golf              | 4575 | 4985 | 4585 | 4936 | 4638 | 4894 | 4855 |
| Hjólreiðar        | 36   | 36   | 36   | 39   | 39   | 42   | 65   |
| Hnefaleikar       |      |      |      |      |      |      | 64   |
| Handknattleikur   | 1908 | 2066 | 1980 | 2013 | 2091 | 2557 | 2492 |
| Judó              |      |      |      | 19   | 19   | 19   | 19   |
| Íþróttir fatlaðra | 37   | 35   | 35   | 33   | 33   | 33   | 30   |
| Íþróttir aldraðra | 692  | 684  | 974  | 944  | 955  | 956  | 1236 |
| Íshokki           |      |      |      |      |      |      | 98   |
| Karate            | 281  | 252  | 336  | 380  | 320  | 280  | 315  |
| Körfuknattleikur  | 826  | 975  | 1138 | 1185 | 997  | 963  | 911  |
| Kraftlyftingar    | 0    | 27   | 77   | 103  | 235  | 364  | 351  |
| Knattspyrna       | 3122 | 3086 | 3720 | 3778 | 3765 | 4032 | 4933 |
| Hestaíþróttir     | 2095 | 1884 | 1995 | 1936 | 1991 | 1990 | 1909 |
| Motorsport        | 107  | 155  | 165  | 180  | 197  | 204  | 227  |
| Siglingar         | 230  | 232  | 239  | 241  | 246  | 250  | 253  |
| Skák              |      |      |      |      |      |      | 27   |
| Skíði             | 153  | 153  | 101  | 111  | 81   | 72   | 109  |
| Skylmingar        | 20   | 39   | 39   | 39   | 39   | 39   | 47   |
| Sund              | 54   | 103  | 316  | 658  | 309  | 332  | 599  |
| Skotfimi          | 118  | 119  | 119  | 78   | 170  | 176  | 152  |
| Taekwondo         | 38   | 45   | 82   | 124  | 145  | 247  | 226  |
| Tennis            | 685  | 677  | 848  | 864  | 821  | 877  | 1153 |
| Þríþraut          |      |      |      |      |      |      | 63   |

## Þróun á fjölda iðkenda og félagsmanna innan UMSK





## Punktar úr starfi UMSK



### Heimasíðan

Ný heimasíða fór í loftið á árinu og er hún skrifuð í wordpress vefumsjónarkerfinu. Slóðin er eins og inná gömlu síðuna [www.umsk.is](http://www.umsk.is) Þar er að finna ýmislegar upplýsingar sem geta verið gagnlegar fyrir félögin. Ábendingar um efni á síðuna eru vel þegnar.

### Ársskýrslan

Ársskýrsla sambandsins er gefin út í tengslum við ársþingið. Þar má finna upptalning á verkefnum sambandsins og ýmsar tölulegar upplýsingar. Fyrir fjórum árum fórum við að birta í skýrslunni stutta samantekt frá aðildarfélögunum um starfsemina á árinu. Félögin hafa flest hver verið mjög dugleg við að senda inn efni. Ekki er þó hundrað prósent skil en það fækkar alltaf þeim sem ekki skila. Viljum við þakka félögunum fyrir hvað vel þau hafa tekið í þetta. Fyrir utan það að vera ómetanleg heimild um félögin þá sýnir þetta glögggt hve mikið og öflugt starf fer fram innan á sambandssvæði UMSK.

### Stjórnarfundir

Stjórn UMSK hefur haldið tíu fundi á tímabilinu. Stjórnarfundir eru haldnir á skrifstofu sambandsins í Íþróttamiðstöðinni Laugar- dal.

### Starfskýrslur

Samkvæmt 8. grein í lögum ÍSÍ skulu allir sambandsaðilar, íþróttafélög, íþróttahéruð og sérsambönd skila skýrslu inn eigi síðar en 15. apríl ár hvert. Skýrslunum skal skila í Felix - félaga- kerfi íþróttahreyfingarinnar.

Í starfskýrslum eru upplýsingar um félagsmenn, iðkendur eftir íþróttagreinum, stjórnarmenn og lykiltölur úr ársreikningi. Haldið er utan um þessar upplýsingar fyrir hvert ár, þannig að hægt er að vinna tölfræði úr þessum gögnum og gera samanburð milli ára. Upplýsingarnar eru m.a. mælikvarði á stærð og þróun íþróttagreina og héraða og hefur áhrif á fulltrúafjölda á þingum innan sérsambanda. Þess vegna er afar mikilvægt að senda frá sér áreiðanlegar upplýsingar til að byggja á.

Starfskýrslan skiptist í þrennt:

- Félagatal (félagar og iðkendur).
- Ársreikning fyrir síðastliðið ár.
- Nýjustu upplýsingar um stjórnarsetu í félaginu og deildum þess.

### Lottóið og getraunir

Íslensk getsþá og Íslenskar getraunir eru tvö sjálfstæð félög en með einn framkvæmdastjóra. Í gildi er þjónustusamningur milli félaganna um að Íslensk getsþá sjái um rekstur Íslenskra getrauna. Hluti af andvirði allrar sölu félaganna renna beint til uppbyggingar og starfsemi æskulýðs- og íþróttamála og til málefna öryrkja.

Íslensk getsþá er í eigu Íþrótt- og ólympíusambands Íslands sem á 46,67% hlut, Öryrkjabandalagið á 40% og Ungmennafélag Íslands 13,33%.


Íslenskar getraunir eru sjálfseignarstofnun innan íþróttahreyfingarinnar þar sem aðild eiga ÍSÍ og UMFÍ eins og hjá Íslenskri getsþá, auk Knattspyrnusambands Íslands, Íþróttabandalags Reykjavíkur og Íþróttanefndar ríkisins.



### Lottótekjur UMSK

UMSK fær tekjur úr Lottói bæði frá UMFÍ og ÍSÍ. Landssamtökin greiða Lottó út samkvæmt reglugerðum sem þing þeirra samþykkja. Lottóinu er síðan deilt út til félaganna eftir ákveðnum reglum. Lottoreglur UMSK eru eftirfarandi:

1. 14% renna til sambandsins
2. 7% renna til Afrekssjóðs UMSK
3. 79% renna til aðildarfélaga samkvæmt eftirfarandi skiptingu (skipt upp í 100%):
  - Þeim 79% sem koma í hlut félaganna verði fyrst skipt eftir íbúafjölda sveitarfélaganna á sambandssvæðinu m.v. íbúaskrá 1. desember ár hvert og síðan innbyrðis innan sveitarfélaganna eftir iðkendafjölda félaganna m.v. upplýsingar í FELIX.
  - Iðkendur hafi mismikið vægi eftir aldri þegar kemur að útreikningi hlutar hvers félags, þannig hafi iðkendur 5 ára og yngri stuðulinn (1), iðkendur 6-12 ára stuðulinn (3), iðkendur 13 – 18 ára stuðulinn (5), iðkendur 19 – 24 ára stuðulinn (3) og iðkendur 25 ára og eldri stuðulinn (1).



Lottóskipting - heild

Tekjur úr Lottóinu hafa verið að aukast ár frá ári. Sem dæmi þá voru heidartekjur 2012 kr. 49.349.882 en 2014 eru tekjurnar orðnar kr. 62.679.178.

Lottóið skiptir miklu máli fyrir allt íþróttastarf í landinu. Því er mikilvægt að við öll stöndum vörð um þessa miklu tekjulind okkar.

## Felix

Felix er miðlægt tölvukerfi ÍSÍ og Ungmennafélag Íslands og heldur utan um íþróttaiðkendum á Íslandi. Kerfið var tekið í notkun árið 2004 og er hannað af hugbúnaðarfyrirtækinu Idega.

Íþróttafélög innan ÍSÍ og UMFÍ hafa beinan aðgang inn í kerfið í gegnum helstu vafra sem eru á markaðnum s.s. Internet Explorer og Firefox. Kerfið fá sambandsaðilar til notkunar endurgjaldslaut og nýtist til að halda utan um daglega skráningu þátttakenda í íþróttastarfinu.

## Fyrirmyndarfélög

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ er gæðaverkefni íþróttahreyfingarinnar er snýr að íþróttastarfi.

Íþróttahreyfingin gerir kröfur til samfélagsins um stuðning, bæði aðgang að mannvirkjum og beinan fjárstuðning. Íþróttahreyfingin vill að litið sé á þennan stuðning sem endurgjald fyrir þjónustu sem hún veitir öllum þegnum samfélagsins. Til þess að slíkar kröfur séu trúverðugar og réttlætanager þarf íþróttahreyfingin að sýna það í verki að hún geri raunhæfar kröfur til sjálfrar sín hvað varðar gæði og innihald þess starfs sem hún vinnur. Þetta hefur hún gert með samþykkt stefnufirrlýsinga um afmarkaða málaflokka, þar sem fram kemur að hvernig starfi sé stefnt. Slíkar stefnufirrlýsingar hafa m.a. verið samþykktar um barna- og unglingastarf, menntun þjálfara og forvarnastarf.

Með því að taka upp gæðaviðurkenningu fyrir íþróttastarf geta íþróttafélög eða deildir sótt um viðurkenningu til ÍSÍ miðað við þær gæðakröfur sem íþróttahreyfingin gerir. Standist þau þessar kröfur fá þau viðurkenningu á því frá ÍSÍ og geta kallað sig Fyrirmyndarfélag eða Fyrirmyndardeild.

**Eftirfarandi félög innan UMSK eru Fyrirmyndarfélög/deildir:**

|                               |                        |
|-------------------------------|------------------------|
| Golfklúbburinn Kjölur         |                        |
| Hestamannafélagið Hörður      |                        |
| Breiðablik                    | Sunddeild              |
| Breiðablik                    | Kraftlyftingadeild     |
| Kraftlyftingafélag Garðabæjar |                        |
| Breiðablik                    | Knattspyrnadeild       |
| Umf. Afturelding              | Fimleikadeild          |
| Umf. Stjarnan                 | Blakdeild              |
| Umf. Stjarnan                 | Almenningsíþróttadeild |
| Umf. Stjarnan                 | Knattspyrnadeild       |
| Umf. Stjarnan                 | Handknattleiksdeild    |
| Umf. Stjarnan                 | Körfuknattleiksdeild   |
| Umf. Stjarnan                 | Fimleikadeild          |
| Umf. Stjarnan                 | Sunddeild              |
| Íþróttafélagið Grótta         | Knattspyrnadeild       |
| Íþróttafélagið Grótta         | Handknattleiksdeild    |
| Íþróttafélagið Grótta         | Fimleikadeild          |
| Umf. Afturelding              | Frjálsíþróttadeild     |

## Forvarnamál

Ýmislegt efni varðandi forvarnir stendur félögunum til boða bæði í formi fyrirlestra og af útgefnu efni. Á heimasíðu sambandsins [www.umsk.is](http://www.umsk.is) eru linkar á fræðsluefni sem í boði eru sem bæði ÍSÍ og UMFÍ og Æskulýðsvettvangurinn hafa látið taka saman. Eins geta félög haft samband við skrifstofuna og kannað hvað er í boði í sambandi við fyrirlestra eða fræðslu varðandi þetta efni.



## Skrifstofa UMSK

Skrifstofa UMSK er á Engjavegi 6, 104 Reykjavík (Íþróttamiðstöðinni Laugardal). Framkvæmdastjóri sambandsins er Valdimar Gunnarsson. Þar er daglegum rekstri sambandsins stýrt auk þess geta aðildarfélögin leitað þangað eftir upplýsingum og ráðgjöf.

**Sími á skrifstofunni er 514 4090/894 8503 og netfang [umsk@umsk.is](mailto:umsk@umsk.is). Heimasíða [www.umsk.is](http://www.umsk.is).**



## Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er einn liður í verkefni UMFÍ ganga.is. Sambandsaðilar tilnefna fjall á sínu svæði til að setja póstkassa á topp þess með gestabók. Um tuttugu sambandsaðilar UMFÍ hafa tekið þátt í þessu verkefni. Reynt er að hafa fjöllin tiltölulega létt yfirferðar þannig að öll fjölskyldan geti tekið þátt. Undanfarin ár hefur UMSK tilnefnt Úlfarsfell sem okkar fjall í verkefninu og er ótrúlegur fjöldi göngumanna sem skrifar sig í gestabókina á hverju sumri.

## Stefnumótun UMSK

UMSK fékk KPMG til þess að stýra stefnumótunarvinnu fyrir sambandið. Sævar Kristinsson stjórnaði verkefninu en hann er öllum hnútum kunnugur innan íþróttahreyfingarinnar þar sem hann m.a. var formaður Aftureldingar á tímabili og hefur stýrt sambærilegum verkefnum fyrir aðila innan íþróttahreyfingarinnar. Í skýrslunni er stefnan sett fyrir sambandið frá 2014 – 2018.

Hlutverk sambandsins er að tengja-fræða-sækja-styðja:

Tengja – sveitarfélög, aðildarfélög

Fræða – iðkendum, stjórnendum

Sækja fram – fagmennska, ímynd, sérþekking

Styðja við – aðildarfélög, fjármál aðildarfélag, miðla reynslu Unnið hefur verið að innleiðingu stefnunnar og meðal annars hafa verið stofnaðir samráðashópa í hverju bæjarfélagi sem í sitja fulltrúar frá hverju aðildarfélagi í bæjarfélaginu.





## Fræðslumál

Í stefnumótunarskýrslunni er talað um að stofna faghópa um ákveðin málefni. Fyrsti hópurinn hefur verið stofnaður en það er faghópur um fræðslu. Hlutverk hópsins er að koma með tillögur að stefu sambandsins í fræðslumálum. Í hópnum eru eftirfarandi aðilar: Björg Jónsdóttir Breiðabliki, Dagný Kristinsdóttir Aftureldingu, Dóra Guðmundsdóttir Gróttu og Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir Gróttu. Niðurstöður hópsins verður kynntar fyrir aðildarfélögunum á næstunni.



## Handboltamót UMSK

UMSK mótið í handbolta karla og kvenna fór fram dagana 29. ágúst – 1. september í íþróttahúsi HK í Digranesi og var í umsjón HK.

Rétt til að leika á mótinu hafa þau lið sem eru innan raða UMSK en þau eru HK, Stjarnan, Gróttu og Afturelding. Kvenna megin gátu Stjarnan og Gróttu ekki tekið þátt þetta árið og var Haukum og FH boðin þátttaka sem gestalið. Liðin léku þrjá leiki hvert og stóð það lið uppi sem sigurvegari sem hafði flest stig að móti loknu.

**Úrslitin í karlaflokkki voru á þessa leið:**

UMFA 6 stig  
Stjarnan 4 stig  
HK 2 stig  
Gróttu 0 stig

Markahæsti leikmaður mótsins var Jóhann Jóhannsson, UMFA, með 21 mark og var Jóhann jafnframt valinn besti leikmaður mótsins.

**Í kvennaflokkki voru úrslitin eftirfarandi:**

Fylkir 4 stig  
FH 2 stig  
HK 0 stig

Markahæsti leikmaður mótsins var Fanney Þóra Þórsdóttir úr HK með 16 mörk

Einnig var valinn leikmaður mótsins sem var Patrícia Szölösi úr Fylki.



## Dansmót UMSK

Fyrsta dansmót UMSK var haldið í Smáranum Kópavogi í október og gekk vonum framár. Umgjörðin glæsileg, framkvæmdin óaðfinnanleg og ótrúlega flottir dansarar. Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK setti mótið og hafði á orði að líklega væri þetta mót komið til að vera miðað við þátttökuna og ánægju keppenda og gesta með mótið. Stigakeppni var á milli þátttökufélaga og stóð Dansíþróttafélaga Kópavogs uppi sem sigurvegari og fékk að launum veglegan bikar. Það er nokkuð ljóst að það eru bjartir tímar framundan í dansíþróttinni ef við miðum við þann fjölda glæsilegra danspara sem þátt tóku í mótinu



## Sundmót UMSK

Meistaramót UMSK í sundi var haldið í Sundlaug Kópavogs í október. Tvö lið mættu til keppni þ.e. frá Breiðabliki og Aftureldingu. Umsjón og framkvæmd var í höndum Sunddeildar Breiðabliks. Mótið tókst í alla staði mjög vel. Veitt voru verðlaun fyrir stigahæstu einstaklinga á mótinu. Eftirtaldir aðilar fengu verðlaun:

| Kvennaflokkur                     | Félag   | Aldur           | Stig |
|-----------------------------------|---------|-----------------|------|
| 1.s. Líf Þrastardóttir            | Br.blik | 13 -14 ára      | 987  |
| 2.s. Aþena Karaolani              | UMFA    | 13 -14 ára      | 741  |
| 3.s. Belinda Cardew               | Br.blik | 13 -14 ára      | 676  |
| 1.s. Ragnheiður Karlsdóttir       | Br.blik | 15 ára og eldri | 1058 |
| 2.s. Gunnlaug Margrét Ólafsdóttir | Br.blik | 15 ára og eldri | 1055 |
| 3.s. Athena Nevelevex             | Br.blik | 15 ára og eldri | 984  |
| Karlaflokkur                      |         |                 |      |
| 1.s. Brynjólfur Óli Karlsson      | Br.blik | 13-14           | 1015 |
| 2.s. Bjartur Þórhallsson          | UMFA    | 13-14           | 882  |
| 3.s. Baldur Skúlason              | Br.blik | 13-14           | 404  |
| 1.s. Sveinbjörn Pálmi Örnuson     | Br.blik | 15 ára og eldri | 1025 |
| 2.s. Huginn Hilmarsson            | UMFA    | 15 ára og eldri | 991  |
| 3.s. Daníel Már Kristinnsson      | Br.blik | 15 ára og eldri | 918  |



## Bocciamót

Bocciamót UMSK í tvímenningi 50+ var haldið í Mosfellsbæ laugardaginn 1. mars. Um þrjátíu lið viðsvega að af landinu kepptu.

Sigurveggarar mótsins voru:

Úlfhildur Geirsdóttir og Pétur Guðmundsson Mosfellsbæ.

Í öðru sæti urðu:

Sigurbjörn Valdemarsson og Jón Sverrir Dagbjartsson Garðabæ.

Í þriðja sæti urðu:

Pórunn Guðnadóttir og Páll Jónsson Selfossi.



## Unglingalandsmót UMFÍ

Unglingalandsmót UMFÍ var haldið um Verslunarmannahelgina á Sauðárkróki. Þátttaka af svæði UMSK var ágæt eða um 170 keppendur. Mótið er ætlað fyrir alla fjölskylduna og er þar margt í boði fyrir alla en einungis keppendur greiða þátttökugjald. UMSK hefur í gegnum tíðina niðurgreitt þátttökugjöld keppenda af sínu sambandssvæði. Næst verður mótið haldið á Akureyri.



## Landsmót 50 + Húsavík

4.Landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Húsavík dagana 20.-22. júní. Fyrri mót voru haldin á Hvammstanga, Mosfellsbæ og Vík í Mýrdal. Þó nokkuð er síðan að Landsmót var haldið á Húsavík, en það var árið 1987 og tókst með eindæmum vel og er öllum minnisstætt sérstaklega vegna veðurbliðunnar sem ríkti alla mótisdagana.

Landsmót UMFÍ 50+ er ekki einungis íþróttamót heldur einnig heilsuhátíð þar sem boðið er upp á fyrirlestra um heilbrigðan lífsstíl og ýmsar heilsufarsmælingar. Markmið mótsins er að skapa fólki 50 ára og eldri vettvang til

að koma saman og keppa í hinum ýmsu íþróttagreinum og kynna um leið þá möguleika sem eru í boði.


Þátttaka af sambandssvæði UMSK var ívið minni en á fyrri mótum. Næsta Landsmót 50+ verður haldið á Blöndösi í sumar.



## Afreksmannasjóður – nefndin

Úthlutað er úr Afreksmannasjóði þrisvar sinnum á ári. Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu UMSK. Sjóðurinn styrkir einungis þátttöku í NM, EM eða HM auk þess að styrkja námsferðir þjálfara erlendis.

Sjóðurinn styrkti 185 einstaklinga á árinu og 9 þjálfara-styrkir voru veittir.



Dreifing styrkja á félög

## Stjórn Afreksmannasjóðsins skipa eftirfarandi einstaklingar:

Auður Þorsteinsdóttir Gerplu, Sigurður Bjarnason Stjörnunni, Guðmundur Sigurbergsson Breidablik og Bjarki Már Sverrisson Aftureldingu.

## Sögunritun

Jón M. Ívarsson hefur nú lokið við að skrifa sögu sambandsins frá 1942 -1962. Áður hafði Jón skrifað söguna frá stofnun sambandsins 1922 til 1942. Sá hluti er nú kominn inná heimasíðuna og mun næsti hluti birtast þar fljótlega.

## Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ var haldinn föstudaginn 14. nóvember 2014. Formannafundur ÍSÍ er ráðgefandi fundur sem formenn sersambanda ÍSÍ og héraðssambanda/íþróttabandalaga ÍSÍ sækja, ásamt framkvæmdastjórn ÍSÍ. Valdimar Leó Friðriksson mætti á fundinn fyrir hönd UMSK.

## Sambandsráðsfundur UMFÍ

39. Sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn í Stjörnuheimilinu í Garðabæ 11. október. Fundurinn



var starfsamur en hátt í 50 fulltrúar frá sambandsaðilum UMFÍ sóttu fundinn.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir formaður UMFÍ fór síðan yfir starfsárið vítt og breitt. Á fundinum veitti UMFÍ Stjórnunni viðurkenningu fyrir glæsilegt starf og góðan árangur. Jóhann Steinar Ingimundarson formaður Stjórnunnar veitti viðurkenningunni viðtöku. Fulltrúar UMSK á fundinum voru: Guðmundur Sigurbergsson, Magnús Gíslason, Lárus Lárusson og Valdimar Gunnarsson.



## Hlaupamörk

Sambandið á tvö uppblásin hlaupamörk sem standa aðildarfélögunum til boða endurgjaldlaust.



## Framtíðin

UMSK og UMFÍ í samstarfi við Aftureldingu stóðu fyrir tilraunarverkefni um innleiðingu Framtíðarinnar hjá félögunum. Framtíðin er verkefni sem UMSK fékk Dr. Viðar Halldórsson til að taka saman fyrir sambandið. Verkefnið samantendur af leiðbeiningum og ábendingum til þjálfara um mikilvægi þess að þjálfa upp félagslega þætti samfara þjálfun líkamlegra þátta. Með tilraunaverkefninu fengust mikilvægar upplýsingar sem við getum nýtt okkur hjá þeim félögunum sem vilja taka þetta verkefni upp hjá sér.



## Forvarnadagurinn

Forvarnadagurinn var haldinn miðvikudaginn 1. október, í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Dagurinn er helgaður nokkrum heillaráðum sem geta forðað börnum og unglingum frá fíkniefnum, ráðum sem eiga erindi við allar fjölskyldur í landinu. Forvarnadagurinn er haldin að

frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Ungmennafélags Íslands, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík. Verkefnið er stutt af lyfjafyrirtækinu Actavis.

Íslenskar rannsóknir sýna að þeir unglingar sem verja minnst klukkustund á dag með fjölskyldum sínum eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna. Að sama skapi sýna niðurstöður að mun ólíklegra sé að ungmenni sem stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf, falli fyrir fíkniefnum. Í þriðja lagi sýna rannsóknirnar fram á að því lengur sem ungmenni bíða með að hefja áfengisneyslu, þeim mun ólíklegra er að þau neyti síðar fíkniefna.

Niðurstöðurnar byggja á rannsóknum vísindamanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík sem hafa um árabil rannsakað áhættu hegðun ungmenna og hafa þær vakið alþjóðlega eftirtekt.

## Getraunaátak

Nokkur félög innan UMSK fóru 2014 í átak til að auka tekjur sínar af getraunasölu. Það er nokkuð ljóst að það liggja möguleikar á tekjuöflun af getraunasölu en það krefst átaks í byrjun. UMSK og Getraunir hafa boðið félögunum aðstoð við þessa vinnu og félög sem áhuga hafa á slíku vinsamlegast snúi sér til skrifstofu UMSK.

Hér fyrir neðan má sjá lista yfir hvað félög á UMSK svæðinu fengu í tekjur af getraunasöluni á árinu 2014:

| Getr.nr. | Félag                          | Upphæð    |
|----------|--------------------------------|-----------|
| 170      | Knattsp.d. Gróttu              | 38.621    |
| 175      | Nesklúbburinn                  | 14.018    |
| 200      | Breiðablik                     | 958.357   |
| 201      | Tennisfélag Kópavogs           | 8.741     |
| 202      | Íþróttfélagið Gerpla           | 5.142     |
| 203      | Handknattfélag Kópavogs        | 169.699   |
| 204      | Siglingafélagið Ýmir           | 900       |
| 210      | Umf. Stjarnan                  | 779.539   |
| 212      | Golfklúbbur Kópavogs og Garðab | 2.850     |
| 215      | Hestamannafélagið Sprettur     | 19.352    |
| 270      | Umf. Afturelding               | 133.624   |
| 271      | Umf. Kjalnesinga               | 1.901     |
| 272      | Golfklúbburinn Kjölur          | 957.641   |
| 273      | Golfklúbbur Bakkakots          | 10.839    |
| 275      | Hvíti riddarinn                | 200       |
| 288      | Knattspyrnufél. Ísbjörninn     | 1.616     |
| 289      | Íþróttafél. Stál-úlfur         | 1.421     |
| Samtals: |                                | 3.104.461 |

## Styrkir úr ferðasjóði íþróttafélaga

Ferðasjóður íþróttafélaga hefur fengið árlegt framlag á Fjárlögum Alþingis, allt frá árinu 2007, til úthlutunar til íþrótt- og ungmennafélaga í landinu vegna keppnisferða innanlands. Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands var falin umsýsla á útreikningi og úthlutunum úr sjóðnum.


Styrkjum er úthlutað eftirá, í febrúar hvers árs, vegna keppnisferða ársins á undan.

Öll íþrótt- og ungmennafélög innan vébanda ÍSÍ geta sótt um styrk úr sjóðnum.

Samtals voru 67 m.kr. til úthlutunar úr Ferðasjóði íþróttafélaga 2014.

Samtals var úthlutað til félaga í UMSK kr. 5.716.268 eða um 8,5 % af heildarúthlutun sjóðsins og styrkir námu um 13,34 % af uppreiknuðum ferðakostnaði félögunna.





## Fréttir 2015



### Sambandsráðsfundur UMFÍ í Garðabæ

39. sambandsráðsfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn 11. október í Garðabæ. Á fundinum var m.a. samþykkt tillaga um að halda Vetrarlandsmót UMFÍ fyrir krakka á aldrinum 10-14 ára. Þá voru kynnt störf vinnuhóps vegna umsóknar íþróttabandalaga að UMFÍ og þá voru einnig kynntar tillögur að breytingum á Landsmóti UMFÍ sem unnar voru út frá niðurstöðum úr stefnumótunarfundum. Þá var Stjórnunni veitt viðurkenning fyrir glæsilegt starf og góðan árangur.

### Landsmót UMFÍ 50 + 2014 Húsavík

Dagana 20. – 22. júní var 4. Landsmót UMFÍ 50+ haldið á Húsavík. Mótshaldari að þessu sinni var Héraðssamband Þingeyinga HSP. Keppt var í 18 keppnisgreinum og var þátttaka aðeins meiri en árinu áður eða rétt yfir fjögurhundruð keppendur. Greinilegt er að áhugi er fyrir þessu móti sem á eftir að vaxa á næstu árum. Mikið var lagt uppúr fræðslu um heilbrigði og hollustu á mótinu.

### Unglingalandsmót UMFÍ 2014 á Sauðárkróki

Óhætt er að fullyrða að 17. Unglingalandsmót UMFÍ hafi tekist vel í alla staði. Keppendur voru um 1.500 talsins og er það töluverð fjölgun frá mótinu sem var haldið á Sauðárkróki árið 2009. Fjöldmargir frábærir tónlistarmenn tóku þátt í dagskránni ásamt öðru listafólki. Mótssetning og mótsslit gengu einnig vel fyrir sig en aðeins var breytt út af fyrri venjum og reynt að taka tillit til óska ungmenna eins og mögulegt var.

### Ungt fólk og lýðræði

Ráðstefnan Ungt fólk og lýðræði var haldin dagana 9.-11. apríl á Ísafirði. Þema ráðstefnunnar var „stjórnsýslan og við – áhrif ungs fólks á stjórnsýsluna. Að þessu sinni sóttu um sjötíu þátttakendur ráðstefnuna og þótti hún takast mjög vel.

### Sýndu hvað í þér býr

Námskeiðin Sýndu hvað í þér býr voru haldin á nokkrum stöðum um landið. Sýndu hvað í þér býr var haldið á ráðstefnunni Ungt fólk og lýðræði og samkvæmt mati á ráðstefnunni þóttu námskeiðin góð.

### Við erum öll fyrirmynd

Við erum öll fyrirmynd er verkefni sem miðar af því benda fólki á háttvísi þegar kemur að þátttöku barna í íþróttastarfi.

Veggspjald hefur verið útbúið sem var kynnt á Unglingalandsmótinu á Sauðarkröki en það stendur til að útbúa efnið á álplötur og koma þeim sem víðast út í hreyfinguna.

### Forvarnarmál

Stýrihópur vegna forvarnardags Forsetans hefur hóf undirbúning fyrir daginn sjálfan í byrjun maí. Fundir hafa voru haldnir reglulega en Forvarnadagurinn sjálfur var haldinn 1. október. Stýrihópurinn lagðist í endurgerð á myndbandi sem kynnir fjöldahreyfingarnar sem koma að deginum sjálfum.

### Stefnumótun Landsmóta

Eins og samþykkt var á síðasta sambandsþingi UMFÍ fór af stað fundarherferð eftir áramótin vegna stefnumótandi vinnu um framtíð Landsmóta UMFÍ. Á fundunum var kallað eftir álit og hugmyndum fólks úr hreyfingunni um hvernig mótin eigi að þróast og í hvaða farveg þau eigi að fara.

### Fundir til stjórnar sambandsaðila

Fundir með stjórnnum aðildarfélaga UMFÍ voru haldnir víða um land á síðasta ári. Á fundunum var starfsemi félaganna og framtíðarsýn rædd. Ennfremur var farið yfir viðburði, tækifærin og annað tengdu starfinu. Vel tókst til með þessa fundi, starfið innan þessara sambanda er mikið og er góður hugur í fólki á þeim stöðum sem heimsóttir voru.

### Skinfaxi

Auk fjögurra tölublaða af Skinfaxa á síðasta ári var ákveðið að gefa út að auki blöð í dagblaðsformi í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ á Húsavík og Unglingalandsmótið á Sauðárkróki. Blöðin voru prentuð í stærra upplagi en hefðbundin blöð og þeim dreift víðar, m.a. í byggðarlögum í nágrenni við landsmótsstaðanna.

### Hreyfivika – Move Week

Hreyfivikan MoveWeek, sem fram fór dagana 29. september til 5. október, tókst mjög vel í alla staði og var almenn ánægja með verkefnið. Ungmennafélag Íslands náði markmiðum sínum því atburðir voru um 250 á landinu öllu og yfir 15.000 mans tóku þátt.

### NSU

Aðalfundur NSU var haldinn í lok apríl í Noregi. Gunnar Gunnarsson og Jörgen Nilsson sátu fundinn ásamt Sabinu Steinunni Halldórsdóttur landsfulltrúa. Ungmennavika NSU fór fram í Noregi að þessu sinni á vegum Norsk Fri-

lynt. Þema vikunnar að þessu sinni var leikhús, kvikmyndagerð og menning tengt norrænum glæpasögum. Leiðtogaskóli NSU var haldinn dagana 4.-10.ágúst sl. af Føroya Ungdómsráð, FUR og fór skólinn fram í Selstæð. Þema leiðtogaskólans í ár var nýsköpun, hugmyndavinna og efling ungs fólks á norðurlöndum.

## Evrópa unga fólksins

Í upphafi árs 2014 var skrifað undir samning á milli Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Ungmennafélags Ísland um áframhaldandi rekstur Evrópu unga fólksins til ársins 2020. Ný ætlan Erasmus+ hófst í ársbyrjun.

## Ungmennaráð

Ungmennaráð UMFÍ er með fastan fundartíma síðasta mánudag í hverjum mánuði. Þetta eru líflegir og skemmtilegri fundir enda eldmóður í þeim. Ráðið stóð fyrir Leiðtogasólarhring í byrjun nóvember fyrir upprennandi leiðtoga úr hreyfingunni.

## Æskulýðsvettvangurinn

Æskulýðsvettvangurinn (ÆV), samstarfsvettvangur Ungmennafélags Íslands, Bandalags íslenskra skáta, KFUM og KFUK á Íslandi og Slysavarnafélagsins Landsbjargar stóð fyrir góðu og öflugu starfi árið 2014. Eins og undanfarin ár var unnið að yfirmarkmiði ÆV, að tryggja enn betur öryggi og velferð barna og ungmenna í aðildarfélögum ÆV og treysta stóðir faglegs starfs.

## Ganga.is

Ganga.is hefur staðið fyrir sínu undafarin ár. Fjöldmargir heimsækja vefinn á hverjum mánuði. Flestar heimsóknir eru samt sem áður yfir sumarmánuðina. Vefsíðan hefur að geyma fjölmargar gönguleiðir um allt land sem og fréttir og hina ýmsu fróðleiksmola sem tengjast hreyfingu.

## Hættu að hanga!

### Komdu að hjóla synda eða ganga!

Verkefni Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga! hefst ár hvert 5. júní og lýkur 15 september. Öllum er heimil þátttaka, Óháð aldri. Verkefni gengur útá að að þátttakendur skrái hreyfingu sína inn á ganga.is eða þau fjöll sem gengið er á.

## Fjölskyldan á fjallið

Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem UMFÍ hefur verið með í nokkur ár. Verkefni hefur gengið mjög vel enda margir sem taka þátt í verkefninu ár hvert. Verkefnið gengur út á að Sambandsaðilar tilnefna fjöll í verkefnið. Í ár voru tuttugu og eitt fjall í verkefninu.

## Vorfundur í Grindavík

Vorfundur UMFÍ var haldinn í Hópsskóla í Grindavík 11. maí en fundinn sóttu fulltrúar aðildarfélaga hreyfingarinnar. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, bauð í upphafi fulltrúa velkomna til fundarins. Af því loknu kynntu Sigurður Guðmundsson og Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúar UMFÍ, niðurstöður sem fram komu í stefnumótunarvinnu um framtíð landsmóta UMFÍ. Þá fóru þau Anna Möller, forstöðumaður Evrópa unga fólksins, og Andrés Pétursson hjá Rannís yfir tækifæri sem í boði eru í Evrópuverkefnum. Sábína Steinunn Halldórsdóttur, landsfulltrúi UMFÍ, og Gunnar Gunnarsson, formaður UÍA, upplýstu

fundarmenn um verkefnið Move Week en Íþróttafélagið Höttur og sveitarfélagið Fljótdalshérað fengu verðlaun sem eitt besta verkefnið í evrópsku „Move Week“ herferðinni 2013. Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík og Þorsteinn Gunnarsson, sviðsstjóri frístunda- og menningar-sviðs, fóru síðan með gesti um íþróttasvæðið í bænum en gríðarleg uppbygging hefur átt sér stað og stendur raunar enn yfir á íþróttamannvirkjum sem er orðið eitt það glæsilegasta á landinu. Að því loknu var haldið námskeið í hvatningu, viðhorfum og mannlegum samskiptum.

## Göngubókin Göngum um Ísland

Göngubókin kom út í byrjun sumars eins og undafarin ár. Bókin er alls 128 síður. Þar eru lýsingar á 300 stuttum gönguleiðum víðsvegar um landið. Í bókinni er einnig er að finna 21 fjall. Þá hefur hún að geyma ýmsan annan fróðleik, t.d um það hvað þarf að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð.

## Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var stafræktur á fjórum stöðum í sumar, Borgarnesi, Laugum í Reykjadal, Egilsstöðum og á Selfossi. Mjög góð þátttaka var á öllum stöðum í ár. Aldrei hafa t.d. fleiri mætt í skólinn á Selfossi eins og í sumar. Skólinn er ætlaður ungmennum á aldrinum 11 -18 ára.

## Eldri ungmennafélagar

Verkefnum tengd eldri ungmennafélögum er alltaf að fjölga. Greinilegt er að mikil þörf er á að sinna þessum hópi. Mikil vakning er í hreyfingu eldri ungmennafélaga sem má að einhverju leiti þakka Landsmóti UMFÍ 50+. Nefnd eldri ungmennafélaga sinnir ýmsum verkefnum eins og t.d. útbreiðslu á hinum ýmsu íþróttagreinum fyrir eldra fólk.

## Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum

Aldrei hefur aðsókn verið meiri í Ungmennabúðirnar en um vorið höfðu 1650 nemendur tryggt sér dvöl sem aldrei hefur gerst áður. Búast má við 2000 nemendum á yfirstandi starfsári. Það sama má segja um önnur verkefni og helgarhópa enda er staðurinn orðin þekktur fyrir að vera með flotta aðstöðu og gott útsvæði fyrir ýmsa útivistarhópa

## Þrastaskógur

Það er samdóma álit þeirra sem reglulega fara um skóginn að hann hafi sjaldan verið í eins góðu ástandi og einmitt núna. Vinnuhópur frá Landsvirkjun klippti greinar meðfram stígum auk þess sem rauðamöl var borin í þá þar sem það átti við.

## Framtíðin

Framtíðin er leiðarvísir varðandi áherslur í þjálfun barna og ungmenna. Framtíðin byggist á hugmyndafræði þar sem grunnáhersla er á félagsálfræðilega þjálfun. Framtíðin er í grunninn ætlað þjálfurum félaga en er kynnt öllum sem koma að starfi félags.

## Umhverfismál

Í umhverfisnefnd er m.a. verið að endurskoða umhverfisstefnu samtakanna. Hugmyndavinna er í gangi um umhverfisverkefni á landsvísi en í mörg horn er að líta þegar slík verkefni eru í vinnslu.



## Fréttapunktur frá ÍSí

### Íþróttapeningur ÍSí

72. Íþróttapeningur ÍSí verður haldið í Gullhömrum í Grafarholti dagana 17.-18. apríl 2015.

Við fráföll Ólafs E. Rafnssonar forseta ÍSí í júní 2013 tók Lárus L. Blöndal varaforseti við embætti forseta ÍSí, eins og lög ÍSí kveða á um og Ingi Þór Ágústsson 1. varamaður tók sæti í stjórninni. Á þinginu í apríl 2015 verður kosið um forseta og stjórn ÍSí.

### Heimsóknir forseta ÍSí til íþróttahéraða

Haustið 2014 heimsóttu Lárus L. Blöndal forseti ÍSí og Lín-ey Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSí, ásamt fylgdarliði, 13 íþróttahéruð um allt land, skoðuðu íþróttamannvirki og funduðu með fulltrúum íþróttahreyfingarinnar í hverju héraði ásamt fulltrúum frá viðkomandi sveitarfélagi. Á árinu 2015 eru fyrirhugaðar heimsóknir í þau 12 íþróttahéruð sem ekki náðist að heimsækja síðastliðið haust.

### Heiðurshöll ÍSí

Knattspyrnumaðurinn Ásgeir Sigurvinsson og körfuknattleiksmaðurinn Pétur Guðmundsson voru útnefndir í Heiðurshöll ÍSí í hófi Íþróttamanns ársins 2014. Alls er búið að útnefna 9 einstaklinga í Heiðurshöllina.

### Ferðasjóður íþróttafélaga

Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2014 voru 82 m.kr. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísi hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins. Núverandi ríkisstjórn hækkaði framlag til sjóðsins á Fjárlögum Alþingis 2014 um 15 m.kr. eða í 85 m.kr. og sama upphæð er á Fjárlögum Alþingis fyrir árið 2015.

### Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSí. Upphæð styrksins var 40 m.kr. á árinu 2007, 60 m.kr. á árinu 2008, 70 m.kr. árið 2009, 63,7 m.kr. árið 2010, 61,8 m.kr. fyrir árið 2011, 60,5 m.kr. fyrir árið 2012, 70 m.kr. fyrir árið 2013, 85 m.kr. fyrir árið 2014. Framlag fyrir árið 2015 er einnig 85 m. kr.

### Úthlutun styrkja

Á Íþróttapeningi 2013 var ákveðið að fella niður Styrktarsjóð ungra og framúrskarandi efnilegra íþróttamanna og sameina hann við Afrekssjóð ÍSí. Sú sameining átti sér stað 1. janúar 2014 og var því fyrsta úthlutun úr sameiginlegum Afrekssjóði ÍSí á árinu 2014. Til sérsambanda var úthlutað rúmlega 106 m.kr. en heildarúthlutun sjóðsins 2014 var rúmlega 111 m.kr.

### Íþróttaslysasjóður

Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSí geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna læknskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkráþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSí. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSí.

### Samningar við Ólympíufjölskyldu

Pann 28. desember 2013 voru undirritaðir samstarfssamningar á milli ÍSí og þeirra fjögurra fyrirtækja sem staðið hafa að Ólympíufjölskyldu ÍSí undanfarin ár. Það eru fyrirtækin Icelandair, Íslandsbanki, Sjóvá og Valitor. Hafa þau öll samþykkt að vera samstarfsaðilar ÍSí fram yfir Ólympíuleikana í Ríó árið 2016. Stuðningur fyrirtækjanna er afar mikilvægur en fyrirtækin koma á ýmsan hátt að verkefnum ÍSí, bæði almenningssíðottaverkefnum og afrekssíðottastarfi.

### Heimasíða ÍSí

Slóðin á heimasíðu ÍSí er sem fyrr [www.isi.is](http://www.isi.is) og er þar að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSí og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. ÍSí er einnig á Fésbók, Twitter og Instagram.

### Skráningarkerfi ÍSí og UMFÍ

Á árinu 2014 var unnið að þarfagreiningu nýs skráningarkerfis ÍSí og UMFÍ. Þegar þarfagreining liggur fyrir verða teknar ákvarðanir um næstu skref.

### Forvarnardagur forseta Íslands

ÍSí kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardagsins sem haldinn er ár hvert að frumkvæði forseta Íslands en með aðkomu ÍSí, UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

### Fræðsluefni ÍSí

ÍSí hefur gefið út fræðsluefni um ýmsa þætti sem snúa að íþróttum og íþróttabátttöku. Efnið má nálgast á heimasíðunni og í útprentuðum bæklingum sem nálgast má á skrifstofunni. Á heimasíðunni er einnig að finna annað efni sem snýr að forvörnum, siðareglur, viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum og fræðslu tengda Ólympíuhreyfingunni, svo að eitthvað sé nefnt.

ÍSí stendur fyrir ýmsum fræðsluviðburðum og ráðstefnum á hverju ári.

### Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSí á 1. stigi þjálfar amenntunarinnar hefur slegið í gegn og er orðið helsta form þjálfaramenntunar ÍSí á landsvísi. Fjarnám á 1. 2. og 3. stigi hefur verið í boði þrisvar á ári, vorönn, sumarönn og haustönn.



## Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru um 140 talsins. Sér sambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu. Framundan er að opna möguleika íþróttahéraða til að sækja um gæðaviðurkenningu til ÍSÍ sem fyrirmyndarhéruð.

## Ólympísk verkefni

Á árinu 2014 sendi ÍSÍ þátttakendur í tvö ólympísk verkefni; Vetrarólympíuleikana í Sochi í Rússlandi og Sumarólympíuleika ungmenna í Nanjing í Kína. Á árinu 2015 mun ÍSÍ senda þátttakendur á Vetrar- og Sumarólympíuhátíð Evrópuæskunnar og einnig fyrstu Evrópuleikana en þeir fara fram í Baku í Azerbaidjan. Síðast en ekki síst verður ÍSÍ með stóran hóp þátttakenda á Smáþjóðaleikunum sem haldnir verða að þessu sinni hér á Íslandi 1.–6. júní 2015.

## Ólympíudagurinn – árlegur viðburður

Alþjóðlegi Ólympíudagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim 23. júní, ár hvert í tilfelli af stofnu Alþjóða ólympíunefndinni. Markmiðið með deginum er að hreyfa, læra og uppgötva.

Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands skipulagði í samstarfi við sambands- og samstarfsaðila sína heila viku af íþróttatengdum viðburðum og fékk einnig til liðs við sig nokkra ólympíufara. Ólympíuvikan 2014 tókst vel til og þakkar ÍSÍ öllum þeim sem tóku þátt í vikunni.

## Almenningsíþróttir

Mikil þátttökuaukning hefur átt sér stað í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og þátttökumet verið slegin á ári hverju.

„Lífshlaupið – landskeppni í hreyfingu“, er heilsu- og hvatningarverkefni sem er í gangi allt árið en sérstakt átak er í febrúarmánuði, það er vinnustaðakeppni sem stendur yfir í þrjár vikur eða frá 4.–24. febrúar og grunn- og framhaldsskólakeppni sem stendur yfir í tvær vikur eða frá 4.–17. febrúar.

Hjólað í vinnuna stendur yfir í þrjár vikur eða frá 6. – 26. maí 2015

Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ fer fram í 26. sinn 13. júní 2015.

Hjólað í skólann fyrir framhaldsskólanemendur er haldið í viku í september 2015.

Göngum í skólann er haldið 2. sept – 7. okt. 2015.

Hreyfitorg er nýtt verkefni sem fór í loftið í september 2013. Hreyfitorg er gagnvirk vefsíða sem er ætlað að stuðla að aukinni hreyfingu landsmanna. Hlutverk vefsins er að brúa bilið á milli þeirra sem leita eftir þjónustu fyrir sig eða aðra (notenda) og þeirra sem standa fyrir hreyfitilboðum (þjónustuaðila). Kynntu þér málið á [www.hreyfitorg.is](http://www.hreyfitorg.is).

Sjálfbóðaliðavefurinn „Allir sem einn“ er vefur sem var tekinn í notkun á síðasta Íþróttþingi ÍSÍ. Megin markmið með sjálfbóðaliðavefnum er að skapa vettvang fyrir sjálfbóðaliða til þess að halda utan um sitt framlag hvort sem það er unnið í þágu íþróttahéraða, sér sambanda, félagsliða eða ÍSÍ. Einnig er markmiðið að fá yfirsýn yfir það fjölbreytta starf sem sjálfbóðaliðar vinna innan íþróttahreyfingarinnar. Slóðin á vefinn er [www.isi.is/sjalfboðaliðavefur](http://www.isi.is/sjalfboðaliðavefur).

## Norrænu lýðheilsuverðlaunin

Árið 2014 hlaut ÍSÍ Norrænu lýðheilsuverðlaunin fyrir að leggja sitt af mörkum til bættrar lýðheilsu á Íslandi. Verðlaunin eru veitt þeim einstaklingi, samtökum eða stofnun sem lagt hefur mikið af mörkum til bættrar lýðheilsu á Norðurlöndum. Í rökstuðningi Norrænu ráðherranefndarinnar segir m.a.

„Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands hefur í meira en tvo áratugi haft mikil áhrif á lýðheilsu á Íslandi með því að leggja áherslu á að almenningur lifi heilbrigðu lífi. ÍSÍ hefur haft frumkvæði að áætlunum um hreyfingu, lífsstíl og vellíðan almennings. Áætlanirnar, heilsu- og hvatningarverkefni, hafa haft mikil áhrif á fólk á öllum aldri og skilað góðum árangri hjá áhættuhópum. Íþróttar- og Ólympíusamband Íslands er verðugur handhafi Norrænu lýðheilsuverðlaunanna 2014 fyrir skilvirkt og kerfisbundið starf að lýðheilsumálum.“

## Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sér sambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar getspár og Íslenskra getrauna.

Í Íþróttamiðstöðinni er kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar, en þar er einnig góð aðstaða til fundarhalda. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemina.

## Lyfjamál

Alls voru tekin 80 sýni á árinu 2014, þar af 45 sýni í keppni eða um 56%. Lyfjapróf voru tekin í 13 íþróttageinum. Eitt sýni reyndist jákvætt á árinu. Auk þessara sýna tók Lyfjaeftirlitsnefnd 32 sýni fyrir aðra, þar á meðal á þremur alþjóðlegum mótum. Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ stendur fyrir námskeiðum og fjölbreyttri fræðslu í tengslum við málaflokkinn. Frekari upplýsingar um lyfjaeftirlit er að finna á lyfjaeftirlitsvef ÍSÍ, [www.lyfjaeftirlit.is](http://www.lyfjaeftirlit.is).

## Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á árleg skil starfsskýrslna 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á [www.felix.is](http://www.felix.is). Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.

## Smáþjóðaleikarnir á Íslandi 2015

Sextánda Smáþjóðaleikarnir verða haldnir á Íslandi 1.–6. júní 2015 og verður það í annað sinn sem leikarnir verða haldnir hér á landi. Á leikunum etja níu smáþjóðir kappi; Andorra, Ísland, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Malta, Mónakó, San Marínó og Svartfjallaland. Gert er ráð fyrir því að heildarfjöldi keppenda verði um 800 en reikna má með 1.500 erlendum þátttakendum, að meðtöldu fylgdarfólki. Keppt verður í 11 íþróttageinum og fer keppni í þeim að mestu fram í Laugardalnum. Áætluð þörf sjálfbóðaliða er ríflega 1.200 manns en skráning sjálfbóðaliða til verkefnisins hefur staðið frá því í nóvember 2014. Áhugasamir eru hvattir til að fylgjast með á heimasíðu leikanna [www.iceland2015.is](http://www.iceland2015.is) og skrá sig til þátttöku í þessu spennandi verkefni.

## Íþróttakonur og íþróttamenn ársins 2014

Þann 3. janúar 2015 hélt ÍSÍ hóf sitt, þar sem val sér sambanda og íþróttanefnda ÍSÍ á íþróttakonum og íþróttamönnum ársins 2014 var tilkynnt, í Gullhömrum í Grafarholti. Við sama tækifæri var kjöri Samtaka íþróttafréttamanna á Íþróttamanni ársins 2014 lýst.

# Afreksmannasjóður UMSK



Afreksmannasjóður UMSK er myndaður af ákveðnum hluta þeirra tekna sem koma frá Lottói. Stjórn UMSK úthlutar styrkjum samkvæmt umsóknum sem berast. Úthluta skal úr sjóðnum 3 sinnum á ári og skal auglýsa sérstaklega eftir umsóknum í sjóðinn. Sjóðsstjórn samanstendur af fimm aðilum úr hreyfingunni. Kosið skal um fjóra einstaklinga á ársþingi en fimmti stjórnarmaður er skipaður af stjórn UMSK.

## Úthlutunarreglur:

1. Þátttaka í viðurkenndum Norðurlandamótum, Evrópu mótum, heimsmeistaramótum og Olympíuleikum (leita skal viðurkenningar á mótahaldi hjá viðkomandi sér-sambandi).
2. Þátttaka þjálfara í viðurkenndum þjálfaranámskeiðum erlendis sem ekki er hægt að sækja hér heima. Sjóðsstjórn ákveður fjölda styrkja sem í boði eru hvert ár og skulu þeir auglýstir sérstaklega.
3. Önnur verkefni og sérstök afrek sem verða sérstaklega metin hverju sinni. Með sérstökum afrekum er átt við að íþróttamaður hafi verið valinn í úrvals hóp til þátttöku í Olympíu-, Norðurlanda-, Evrópu- eða heimsmeistaramóts.
4. Almennt skal miða við að styrkupp hæð sé 20% af flugfargjaldi eða lágmarksupp hæð sem sjóðsstjórn ákveður hverju sinni.
5. Umsóknir skulu berast frá félagi umsækjenda.
6. Stjórn sjóðsins skal færa rök fyrir úthlutun og höfnun úr sjóðnum.
7. Umsók um styrk skal hafa borist eigi síðar en þremur mánuðum eftir að móti lýkur.
8. Afreksmannasjóður UMSK úthlutar þrisvar sinnum á ári. Í fyrstu úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði, í annari úthlutun allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af fyrstu úthlutun og í þriðju úthlutun skal úthluta allt að 1/3 af heildarsjóði + eftirstöðvar af annarri úthlutun.
9. Á ársþingi UMSK veitir sjóðurinn styrk til afreksmanns og afrekshóps ársins.

# Reglugerð um heiðursveitingar UMSK

## 1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

## 2. gr. Viðurkenningar

1. Starfsmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
2. Silfurmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.
3. Gullmerki UMSK skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.
4. Heiðursviðurkenning UMSK, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.
5. Félagsmálaskjöldur UMSK, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.
6. Afrekshópur UMSK skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
7. UMFÍ-bikarinn skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.
8. Frjálsíþróttabikar UMSK, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.
9. Sundbikar UMSK, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.
10. Fimleikabikar UMSK, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári.
11. Dansbikar UMSK, gefinn af Sindra-stál, skal veita árlega á ársþingi UMSK til pars sem skar að hefur fram úr í dansi á liðnu ári.





# Frá félögum



## Ungmennafélagið Afturelding



Aðalfundur Umf. Aftureldingar fór fram í Listasal Mosfellsbæjar fimmtudaginn 27. mars 2014.

Í aðalstjórn voru kjörin:

Guðjón Helgason formaður, Auður Gunnarsdóttir varaformaður, Hekla Klemenzdóttir gjaldkeri, Eymundur Sigurðsson ritari, Geirarður Long meðstjórnandi, Lára B Helgadóttir og Anna Sigurðardóttir varamenn sem í stjórn.

Starfsmenn á skrifstofu eru þau Indriði Jósafatsson framkvæmdastjóri, Vilborg Jónsdóttir bókarí og Ester Sveinbjarnardóttir verkefnastjóri fjármála.

Innra starf félagsins gekk vel á árinu 2014 hjá þeim 10 deildum er mynda félagið og fjölbreytileika þess. Sú breyting var gerð að í stað þess að halda marga formannafundi þá var farið út í það að halda frekar deildarfundum með stjórnnum deilda og flokksráðum þeirra, breyting sem gafst mjög vel. Á árinu var sérstaklega unnið í því að fá stjórnendur deilda til þess að vinna meira saman, kynnast og skapa samheldni sem eitt félag. Í því tilliti voru verklagsreglur varðandi snertifleti deilda við skrifstofu félagsins skýrðar upp og uppgjör á milli deilda félagsins og aðalstjórnar leiðrétt og lagfært. Verkefnahópar voru stofnaðir, bæði mannvirkjanefnd og búninganefnd, sem skilaði góðu starfi. Þannig er nú fulltrúi félagsins í vinnuhóp sem skoðar möguleika á fjölnota íþróttahöll í Mosfellsbæ og allar deildir flokkaíþróttar eru nú í samskonar keppnisbúningi í keppnum sem félagið tekur þátt í.

Á árinu æfðu rúmlega eitt þúsund börn og unglingar með félaginu auk sjö meistaraflokka í flokkaíþróttum. Því þurfti að koma æfingum um 1.600 iðkenda fyrir í þeim söllum og völlum sem eru að Varmá og í íþróttamiðstöðinni Lágafelli sem var ekki auðvelt verk. Mikil vinna er unnin í sjálfbóðaliðsstarfi hjá félaginu og margir tilbúnir að leggja hönd á plóginn við mótahald, fjáraflanir og margvísleg stjórnar-

störf. Okkur telst til að sjálfbóðaliðar sem eru virkir í starfi fyrir félagið og deildir þess séu a.m.k. 450 talsins. Fyrir það ómetanlega starf er hér með þakkað enda væri starfið í félaginu ekki framkvæmanlegt án þeirra nema með miklum tilkostnaði. Sérlega er ánægjulegt að sjá hve margir iðkendur úr félaginu voru kallaðir til þess að taka þátt í landsliðsverkefnum á árinu og að félagið eigi nú atvinnumann í knattspyrnu á erlendri grundu sýni okkur að vel er haldið á málum í yngri flokkastarfi félagsins, en Axel Andrésson er nú á atvinnumannasamningi hjá Reading félaginu Bretlandi. Vinsælt er að halda fjölíðamót í íþróttamiðstöðinni að Varmá og komast færri að en vilja.

S.l. haust var tekið í notkun fjölnota íþróttahús sem hýsir fimleika og bardagaíþróttir félagsins. Griðarlegur munur er á að hafa fengið þessi nýju húsaþing og hafa skráningar í þessar íþróttagreinar margfaldast við að fá sérhæfða aðstöðu fyrir þessar íþróttagreinar. S.l. vor var tilraunaverkefni sem þjálfarar Aftureldingar unnu að um veturinn í samvinnu við Viðar Halldórsson kynnt foreldrum og forráðamönnum deilda félagsins. Verkefnið var samvinnuverkefni UMSK og UMFÍ sem nefnt var „Framtíðin“. Verkefnið er unnið út frá þeirri hugmyndafræði að þjálfara til þess að taka þátt í að marka heildarstefnu í þjálfun annars vegar og hins vegar að efla félagslega þætti í félaginu, á milli deilda, þjálfara, iðkenda og forráðamanna þeirra. Heyrst hefur að verkefnið hafi tekist svo vel að UMFÍ komi til með að fara lengra með það og dreifa í önnur félög landsins.

Vorhátíð félagsins var haldin í júní s.l. eftir nokkurt hlé. Uppskeruhátíð félagsins var svo haldin í nóvember og var hátíðin skemmtileg samsetning af íþróttakynningum, skemmtiatriðum og viðurkenningum sem veittar voru þeim sem skoruðu fram úr á árinu. Úr þeim föngulega hópi sem stjórnir deilda tilnefndu til kjörs á sæmdarheitinu Íþróttamaður Aftureldingar og Íþróttakona Aftureldingar valdi aðalstjórn félagsins þau Örn Inga Bjarkason handknattleiksmann og Zaharinu Filipovu Filipovu blakkonu sem íþróttamann og íþróttakonu Aftureldingar 2014.

Af íþróttaaufrekum ársins 2014 hjá félaginu ber helst að nefna að mfl. karla í handknattleik varð deildarmeistari í 1. deild vorið 2014 og komu strákarnir svo inn í úrvalsdeildina með miklum látum s.l. haust og eru nú þar á meðal efstu liða. Meistaraflokkur kvenna í blaki gerði sér lítið fyrir og varð Íslandsmeistari í blaki um vorið. Íslandsmeistaratitlar komu í hús í einstaklingsíþróttum í félaginu á árinu og í yngri flokkum í flokkaíþróttum félagsins. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu lék í sumar í 2. deild karla og stúlkurnar náðu að halda sér uppi í Pepsideild þeirra bestu. Þar eru landsliðskonur í U17 og U19 ungmennaliðum sem eflaust eiga eftir að komast í A- landsliðið okkar á næstu árum eins efnilegar og þær eru.

Að lokum má geta þess að félagið er að vinna í verkefni með HÍ er viðkemur mataræði og neysluvenjum iðkenda hjá félaginu. Þetta verkefni Aftureldingar verður væntanlega gott innlegg inn í verkefnið „Heilsueflandi samfélag“ sem Mosfellsbær og heilsuklasinn Heilsuvinn eru að þróa með Embætti landlæknis. Sem sagt nóg um að vera í Aftureldingu Mosfellsbæ þar sem margir taka þátt í gefandi starfi fyrir samfélagið.

Indriði Jósafatsson

Framkvæmdastjóri Aftureldingar.





## Augnablik

Augnablik var stofnað árið 1983 en var endurvakið árið 2006 eftir að hafa legið í dvala í smá tíma. Augnablik hefur verið með meistaraflokk karla í knattspyrnu frá þeim tíma en svo bættist við körfuknattleikur karla. Augnablik mun nú í fyrsta skipti senda félag til keppni í meistaraflokki kvenna í knattspyrnu. Árið 2014 var nokkuð rólegt ár í herbúðum Augnabliks og var árangurinn í sumar undir væntingum formannsins. Hjá Augnablik er lögð áhersla á hreyfingu og lýðheilsu sem og góðan félagsskap.

**Kveðja**

**Sigurjón Jónsson**

**Formaður Augnabliks**



## Bogfímifélagið Boginn



Aðalfundur Bogfímifélagsins Bogans fyrir starfsárið 2014 var haldinn 31. nóvember 2014 í Bogfímisettrinu við Furugrund í Kópavogi.

**Stjórnina skipa:**

Guðmundur Örn Guðjónsson, formaður

Guðjón Einarsson, varaformaður

Margrét Einarsdóttir, meðstjórnandi

Enginn bauð sig fram til gjaldkera eða ritara, og skiptir stjórnin þeim störfum á milli sín.

Félagið var stofnað 2012 með fjölbreyttum markmiðum eins og að breiða bogfími út á Íslandi og bjóða landsmönnum á öllum aldri að stunda þessa íþrótt á öruggan hátt. Að styðja þá félagsmenn sem vilja bæta sig í bogfími og senda þá bestu út að keppa fyrir Íslands hönd.

Markmið félagsins á árinu 2014 voru eftirfarandi, að styrkja barna og unglingastarf, styrkja starf og stöðu kvenna innan íþróttarinnar, auka þátttöku í íþróttinni, auka þekkingu

á íþróttinni, fá til landsins þjálfara frá heimssambandinu til að koma upp sérhæfðum þjálfurum, senda meðlimi út á alþjóðleg mót og að koma upp útisvæði fyrir Bogfími í Kópavogi. Allt þetta tókst félaginu á árinu 2014 nema að koma upp útisvæði sem tók lengri tíma en við var búist.

111 meðlimir voru nýskráðir í meðlimaskrá Bogfímifélagsins Bogans á árinu 2014. Undir 18 ára voru nýskráðir 46 meðlimir. Bogfímifélagið Boginn lagði mikla áherslu á að koma af stað barna-, unglinga- og kvennastarfi þar sem það var nánast ekki til á Íslandi. Hægt er að sjá gífurlega aukningu á þáttakendum á mótum á Íslandi 2014 og stór hluti aukningar er vegna Bogfímifélagsins Bogans, einnig eru töluvert fleiri börn, unglingar og konur að taka þátt á mótum en undanfarin ár.

Það hefur verið mikið og gott samstarf milli Bogans og Bogfímisetursins sem verður haldið áfram í framtíðinni, þar á meðal fóru öll mót Bogans fram í Bogfímisettrinu á árinu.

Félagið hélt í heildinni u.þ.b. 90% af öllum bogfímimótum á Íslandi í 2014. Af þeim var Íslandsmótið innanhús í apríl það stærsta. Boginn var mjög sigursæll á mótum hér heima og mun bæta árangurinn til muna árið 2015.

Meðlimir í Boganum tóku einnig þátt í mótum erlendis, þar á meðal í 3 leggjum í World Cup, Marrakesh, Nimes og Las Vegas og var þar meðlimur Bogans sem náði 4. sæti í Marrakesh og tryggði sér þátttökurétt á úrslitamótinu sem haldið var í Las Vegas, þar náði hún 5. sæti.

Fjórir af keppendum sem skráðir voru á heimsmeistarmót í bogfími í Nimes, Frakkland, eru meðlimir í Boganum. Einnig var þetta fyrsta skiptið sem Íslendingar keppa í liðakeppni og enduðu þeir keppnina í 9. sæti.



## Breiðablik



Aðalfundur félagsins fyrir árið 2013 fór fram þann 21. maí 2014 og var hann haldinn í höfuðstöðvum félagsins í Smáranum. Venjuleg aðalfundarstörf.

Stjórnarmenn og formenn deilda mynda aðalstjórn. Á aðalfundi félagsins þann 21. maí 2014 voru eftirfarandi kjörnir í aðalstjórn: Hannes Strange, formaður, Björg Jónsdóttir, varaformaður, Sunna Guðmundsdóttir, meðstjórnandi, Guðmundur Sigurbergsson, gjaldkeri, Halla Garðarsdóttir, ritari, Stefán Ragnar Jónsson, meðstjórnandi, Sveinn Gíslason, meðstjórnandi, Eiríkur Mörk Valsson, frjálsíþróttadeild, Guðni Hafsteinsson, Körfuknattleiksdeild, Agnar Bjarki Helgason, karatedeild, Borghildur Sigurðardóttir, knattspyrnadeild, Davíð Björnsson, skíðadeild, Hlynur Örn Gissurarson, Taekwondodeild, María Fanndal Birkisdóttir,

Sunddeild, Halldór Grétar Einarsson, skákdeild, Halldór Eyþórsson, kraftlyftingadeild.

Framkvæmdastjóri félagsins er Kristján Jónatansson.

Starfið hjá Breiðabliki árið 2014 var fjölbreytt og kröftugt. Aukning á iðkendum sem er ánægjulegt. Það segir okkur að þeir frábæru starfsmenn sem félagið hefur eru að veita góða þjónustu. Þetta eru þjálfarar, starfsmenn mannvirkjana og hinn gríðarlega öflugi hópur sjálfboðaliða. Allir leggjast á eitt til að gera starfið sem allra best. Margir sigrar unnust og afreksfólki Breiðabliks gekk vel og voru félaginu til mikilla sóma með framgöngu sinni. Með allan þennan frábæra hóp íþróttafólks sem iðkar íþróttir hjá Breiðabliki er sannarlega ástæða til frekari bjartsýni um áframhaldandi mikið og kröftugt starf með góðum árangri.

Samvinna við Kópavogsbæ gekk mjög vel á síðasta ári og m.a. var lokið við að ganga frá rekstrarsamningi við Breiðablik um stúkuna við Kópavogsvöll. En þetta er beint framhald af áherslubreytingum sem urðu árið 2012 í mannvirkjamálum. Strax er kominn mikil aukning á notkun á stúkunni og á eftir að aukast enn frekar.

Sjávarútvegssýningin var í september á síðasta ári en hún er á 3ja ára fresti og er þessi viðburður gríðarlega umfangsmikill þar sem margar hendur koma að og margar deildir vinna að þessu sem fjáröflun fyrir viðkomandi deild. Þetta er nokkuð mikið rask á starfsemi en með góðri samvinnu íþróttadeildar bæjarins, þjálfurum og öðrum starfsmönnum þá gekk þetta allt upp.



## DÍK

Danspör frá félaginu kepptu á öllum mótum sem DSÍ hélt árið 2014. Einnig unnu pör frá DÍK sér inn þátttökurétt til að keppa á Heimsmeistara og Evrópumeistaramótum.

Danspör félagsins unnu helming allra Íslandsmeistaratitla í meistaraflokkum, marga bikarmeistaratitla og fullt af öðrum verðlaunum í öllum flokkum á öllum aldri.

Við erum rosalega stolt af þessum framúrskarandi árangri okkar á síðasta ári og að geta sagt að við séum bæði með öflugt barnastarf, unglingastarf og landsliðisfólk í okkar félagi. Dansfélögin í Kópavogi tóku sig saman og héldu saman Dansmót UMSK þann 12. Október 2014. Formenn félagana byrjuðu að skipuleggja keppnina á vormánuðum og komu svo fleiri félagsmenn í þá vinnu þegar nær dró að keppninni. Félagsmenn DÍK voru mjög ánægð með þessa danskeppni, Hún tókst vel, var gerð með miklum metnaði

og danspörin á Íslandi ánægð að fá fleiri keppnir á Íslandi. Farið var á mörg mót erlendis. Eitt par fór til Kaupamanna-hafnar á Copenhagen open í febrúar og voru í úrslitum. Það fóru 4 pör til Boston sömu helgi í æfinga og keppnisferð. Sú ferð gekk rosalega vel. Pörin unnu til margra verðlauna og voru landi og þjóð til sóma. Stór hópur fór til Blackpool um páskana þar sem haldið var Evrópumeistaramót WDC og Junior Blackpool. Ferðin gekk vel. Á eldra Blackpool sem haldið er í lok maí fóru 2 pör. Einnig var farið á fleiri keppnir í Bretlandi. Eitt dansparið fór í æfingar og keppnisferð til Ástralíu allt seinasta sumar. Birkir og Rakel fóru í landsliðsferð til Boston í september. Höskuldur og Margrét kepptu á heimsmeistaramótinu í latín dönsum sem haldið var í Rússlandi í október og gekk vel.

Norður Evrópumótið var haldið í Finnlandi í október. Keppnin hefur stækkað undanfarin ár og hafa aldrei verið jafn margri keppendur eins og í ár og fleiri lönd bæst við.

Elvar Kristinn og Sara Lind urðu Norður Evrópumeistarar í latín dönsum í sínum flokki 12-13 ára. Þau voru í 3.sæti í ballroom dönsum. Einnig voru þau í 2. sæti á Heimsmeistaramóti WDC sem haldið var í Frakklandi á árinu bæði í ballroom og latín dönsum. Má með sanni segja að Elvar og Sara séu eitt efnilegasta danspar landsins og með sterkustu danspörum í heiminum í sínum aldursflokki.

Foreldrar ásamt stjórn voru með marga viðburði fyrir krakkana, það var farið í laisertag, foreldrar buðu í hesthúsaferð, þar sem grillaðar voru pylsur, farið í leiki og á hestbak. Haldin eru jólaböll fyrir alla í dansskólanum og grímuball fyrir laugardansbörnin okkar. Sumarhátíð í Nauthólsvík þar sem skoðaðar voru þýrlur Landhelgisgæslunnar. Ratleikir, potta og pylsupartý er brot af viðburðum ársins

Fjárafánir standa yfir allan ársins hring með sölu á ýmsum varningi og 17. Júní á Rútstúni.

Farið var í 2 æfingaferðir á árinu. Eldri pörin fóru út á land og yngri pörin voru í æfingabúðum í dansskólanum.

Árleg nemendasýning var haldin í Breiðablikshúsinu í apríl og sýndu allir nemendur dansskólans listir sínar jafnt ungir sem aldnir.

Elvar Kristinn Gapunay og Sara Lind Guðnadóttir fengu viðurkenningu fyrir árangur sinn í dansi á árinu 2014 frá Kópavogsbæ.

Í A- landsliði DSÍ áttum við 3 pör í Landsliði þau eru: Þorkell Jónsson og Denise Yaghi, Höskuldur Jónsson og Margrét Hörn Jóhannsdóttir, Birkir Örn Karlsson og Rakel Matthíasdóttir.

Aðalfundur DÍK var haldin 21. maí 2014.

**Stjórnin er skipuð:**

**Formaður:**

Ellen Dröfn Björnsdóttir -

**Aðalstjórn.**

Edgar Konráð Gapunay

Rakel Ýr Ísakson

Thelma Magúsdóttir

Anna Dóra Sæþórsdóttir

**Varamenn:**

Grétar Þór Björgvinsson

Denise Margrét Yaghi

Stjórnarmenn DÍK fóru alla formannafundi sem haldnir voru á vegum DSÍ á árinu.

DÍK var með tvo stjórnarmenn í aðalstjórn DSÍ og er formaður mótanefndar félagsmaður í DÍK.





## Fótboltafélagið Skínandi

Fótboltafélagið Skínandi var stofnað í janúar 2012. Félagið var stofnað til þess að veita ungu og efnilegu knattspyrnufólki fleiri úrræði til þess að vaxa og eflast sem knattspyrnumenn. Skínandi er í miklu og góðu samstarfi við UMF Stjörnuna um rekstur 2. flokks karla og er meginuppistaða leikmanna í meistaraflokk Skínanda einnig gjaldgengur með 2. flokk Stjörnunnar/Skínanda. Ennfremur leika með Skínanda leikmenn sem gengið hafa upp úr yngri flokka starfi Stjörnunnar og fá verkefni hjá Skínanda. Æfingar Skínanda og 2. flokks Stjörnunnar/Skínanda eru sameiginlegar, auk þess sem þjálfarar eru þeir sömu.

Keppnistímabilið 2013-2014 var þjálfari Skínanda Brynjar Björn Gunnarsson og aðstoðarþjálfarar Björn Másson, Kristján Másson og Þórarinn Einar Engilbertsson. Skínandi endaði keppnistímabilið í 6 sæti D riðils í 4. deild Íslandsmótsins og féll úr bikarkeppni KSÍ í annarri umferð.



## Gerpla



Aðalfundur Íþróttafélagsins Gerplu fór fram 1. júlí 2014 að Verslunum.

Stjórn félagsins skipa Harpa Þorláksdóttir, formaður. Aðrir meðlimir eru Atli Þorbjörnsson Davíð Ingason Ragnheiður M. Ólafsdóttir Sigrún Óskarsdóttir Sigurrós Pétursdóttir

Framkvæmdastjóri félagsins er Auður Inga Þorsteinsdóttir. Á fundinum kom fram að rekstur félagsins hafi verið í samræmi við áætlanir. Rekstartekjur voru rúmar 244 milljónir og voru rekstrargjöld um 232 milljónir og því var rekstrarhagnaður af starfsemi félagsins fyrir fjármagnstekjur um

12 milljónir. Þegar tekið er tillit til fjármagnstekna þá var heildarhagnaður félagsins á tímabilinu tæpar 15 milljónir. Gerpla rekur öflugt æskulýðsstarf og er starfsemi félagsins mikil og fjölbreytt. Félagið er með um 120 þjálfara að störfum. Félagið fékk viðurkenningu frá jafnréttisnefnd Kópavogsbæjar á þessu starfsári þar sem sérstaklega var tekið fram að félagið hefði eitt fimleikafélaga boðið upp á æfingar fyrir fatlaða í 16 ár. Þá var einnig tekið fram að félagið byði upp á æfingar fyrir þá sem ekki kjósa að hafa keppni sem meginmarkmið með þjálfuninni.

Félagið hefur aukið samvinnu við leikskóla og þá var á árinu hafið tilraunaverkefni varðandi íþróttarútu. Rútan stoppar hjá fjórum grunnskólum fimm daga vikunnar og hefur verið mikil ánægja meðal forráðamanna með verkefnið.

Félagið hefur á árinu verið í samningaviðræðum við bæjaryfirvöld varðandi húsnæðismál félagsins og var sú vinna fyrirferðamikil á árinu. Vinnuhópur félagsins og bæjarins áttu í miklum samskiptum við VSÓ verkfræðistofu sem gerði ítarlega greiningu á aðstæðum og þörfum félagsins og sveitarfélagsins. Málín eru þessa dagana í áframhaldandi vinnslu. Félagsmenn Gerplu voru duglegir að aðstoða við undirbúning og framkvæmd Evrópumóts í hóp fimleikum sem haldið var á Íslandi í október. Þá átti félagið einnig átta landsliðsþjálfara í verkefninu og tæplega 50 iðkendur í landsliðum á mótinu. Það er tilhlökkun í félagsfólki Gerplu að fá að taka þátt í undirbúningi fyrir smáþjóðaleikana sem fram fara 2015.

Iðkendur félagsins eru áfram í fararbroddi í landsliðsverkefnum hjá Fimleikasambandinu og iðkendur félagsins unnu til fjölmarga titla bæði innan og utanlands á árinu. Um áramótin var Sif Pálsdóttir kosin fimleikakona ársins hjá Fimleikasambandinu og Valgarð Reinhardsson var einnig kosin fimleikamaður ársins hjá sambandinu. Þá var Norma Dögg Róbertsdóttir kosin íþróttakona Kópavogsbæjar og fékk einnig verðlaun fyrir afrek ársins hjá Fimleikasambandinu.



## GKG



Ágætu félagar!

Árið 2014 hjá GKG hefur um margt verið sérstakt fyrir okkur. Það er einkum þrennt sem okkur langar að nefna, sem gerir þetta starfsár eftirminnilegt.

GKG átti 20 ára afmæli 24. mars 2014

Íslandsmótið í höggleik fór í fyrsta skipti

fram á okkar velli

Hafin verður bygging á Íþróttamiðstöð GKG.

Þó 20 ár sé ekki hár aldur, þá fannst okkur full ástæða til að halda upp á þessi tímamót. Það var gert með samkomu dag-



inn fyrir afmælisdaginn, þar sem mættu 250 - 300 félagar og áttu saman ánægulega stund.

Íslandsmótið í högggleik fór fram á Leirdalsvelli dagana 24. - 27. júlí í sumar. Klakabrynja lá yfir vellinum í marga mánuði og unnu starfsmenn okkar kraftaverk í að koma vellinum í stand, því Íslandsmótið fór fram á glæsilegum velli og öll umgjörð mótsins var hin fagmannlegasta og golfíþróttinni til mikils sóma. Við viljum þakka okkar frábæra starfsfólki og ekki síður þeim mikla fjölda sjálfbodaðliða sem hjálpaði okkur við að gera mótið eins glæsilegt og raun bar vitni. Toppurinn á þessu öllu var síðan sigur Birgis Leifs Hafþórssonar á mótinu, en hann landaði sínum 6. Íslandsmeistaratitli í högggleik, og jafnaði þar með met þeirra Björgvins Þorsteinssonar og íþróttastjóra GKG Úlfars Jónssonar.

Stjórn GKG er skipuð

Guðmundur Oddsson, formaður, Áslaug Sigurðardóttir, varaformaður

Kristinn Jörundsson, gjaldkeri, Símon Kristjánsson, ritari  
Gunnar Jónsson, meðstjórnandi, Bergþóra Sigmundsdóttir, meðstjórnandi

Gunnar Páll Þórisson, meðstjórnandi, Ragnheiður Stephensen, varamaður

Einar Gunnar Guðmundsson, varamaður, Jón K. Baldursson, varamaður

Fjármálin

Rekstur klúbbsins gekk vel á þessu starfsári og skilaði rúnum 11 milljónum í tekjuafgang. Góðir félagar, við höfum greitt á þessu ári um 40 milljónir vegna íþróttamiðstöðvinnar, sem ekki eru inni í reikningum þessa árs. Innheimta félagsgjalda er um 1 milljón lægri í krónum talið en árið 2013 og samdráttur var í vallargjöldum. Hins vegar var veruleg aukning í tekjum af styrktarsamningum og golfmótum, en mótin voru þó ekki fleiri en árið á undan. Launaliðir hækkuðu talsvert, en sá liður spilar saman við framkvæmdaþáttinn. Við fengum 24 milljónir í styrki frá sveitarfélögum til framkvæmda og vegna íþrótt- og tómstundamála. Kópavogur styrkti okkur um 12 milljónir og Garðabær um 12. Viljum við bera bæjarfélögum sérstakar þakkir fyrir dyggann stuðning í gegnum árin.

Glæsleg afrek

Klúbbmeistarar GKG í meistarflokki karla og kvenna árið 2014 urðu þau Ingunn Einarsdóttir og Emil Þór Ragnarsson. Margir kylfingar úr GKG náðu glæsilegum árangri á árinu. Hæst ber árangur Birgis Leifs Hafþórssonar sem varð Íslandsmeistari í högggleik árið 2014. Auk þess hefur Birgir Leifur verið að standa sig vel á hinum ýmsu mótum erlendis. Birgir Leifur er án alls vafa besti kylfingur Íslands í dag. Karlasveit GKG varð í öðru sæti í sveitakeppni GSÍ og kvennasveitin varð í 4. sæti. Í flokkum eldri kylfinga varð karlasveitin í 7. sæti og kvennasveitin í 6. sæti og síðast en ekki síst þá urðu piltaliðið okkar íslandsmeistarar í flokki 17-18 ára. Við eigum fjölmarga unga kylfinga sem hafa verið að standa sig með miklum sóma bæði hér og erlendis. Þar má nefna m.a.: Ragnar Má Garðarsson, Aron Snæ Júlíusson, Kristófer Orra Þórðarson, Egil Ragnar Gunnarsson, Sigurð Arnar Garðarsson (íslandsmeistari í holukeppni 14 ára og yngri), Inga Rúnar Birgisson (íslandsmeistari í högggleik 14 ára og yngri), Herdísu Lilju Þórðardóttur, Ölmú Rún Ragnarsdóttur og Freyðísi Eiríksdóttur. Þetta fólk ásamt mörgum fleirum eru okkar framtíðar golfarar. GKG er með öflugasta barna- og unglingastarf á landinu. Í klúbbum eru fjölmargir mjög efnilegir unglingar sem munu halda merki klúbbsins hátt á lofti næstu árin. Það eflir allt okkar starf og

hvetur okkur til frekari dáða. Þjálfarar okkar með þá Úlfar Jónsson, Derrick Moore og Hauk Má Ólafsson fremsta í flokki hafa unnið frábært starf fyrir GKG og er full ástæða til að þakka þeim fyrir.



## Glóðin

Aðalfundur Glóðar var haldinn 28. jan. s.l. í Gjabakka og mættu um 40 félagar. Á fundinum voru venjuleg aðalfundarstörf – kosid í stjórn og nefndir og önnur trúnaðarstörf á vegum félagsins.

Fram kom í starfsskýrslum sem fluttar voru á fundinum að mikil og fjölbreytt starfsemi hefur verið á tíunda starfsári félagsins.

Fyrsta verkefni var að yfirfara félagatalið og reyndust þeir vera tæplega 160. Á aðalfundinum var kosinn Íþróttamaður Glóðar árið 2014, Haukur Bergsteinsson og íþróttahópur Glóðar árið 2014 var Ringóhópur I

Sýndir voru dansar á Öskudagshátíðinni í Austurbergi þ. 19. febrúar. Þann 14 mars var tekið í notkun húsnæði fyrir félagið í Digranesi. Húsnæðið er lítið og bráðvantar félagið stærri og þægilegri aðstöðu fyrir daglegan rekstur. Félagið var með viðtalstíma á mánudögum en óvíst hvort verður framhald á því.

Þann 10. maí var Afmælissýning félagsins haldin í Smáranum. Um 450 manns mættu, nutu glæsilegrar sýningar og veitinga í boði Glóðar. Það var mál manna að sýningin hefði verið félaginu til sóma. Á sýningunni var dregin að húni fáni Glóðar og trúi ég að það verði ógleymanleg stund fyrir marga.

Á Ólympíudaginn 23. júní var farið í gönguferð um Víghólinn og nær umhverfið. Söguferð var farin í Skagafjörð 25-27 júní samstarfi við Vestfirðingafélagið og nokkrir Glóðarfélagar fóru á Landsmótið á Húsavík. Glóðarfélagar komu með 8 gull auk silfur og Brons viðurkenninga.

Starfið fór vel af stað í haust og voru um 240 iðkendur í 7 línudanshópum, 1 keðjudanshópi, 1 Sumbahópi, 1 hópi í kínverskri leikfimi og einum fjölmönnum hópi í Ringó. Auk þess eru Glóðarfélagar að æfa sund, þútt og sjósund svo eitt-hvað sé nefnt.

Félagið vantar tilfinnanlega viðbótar æfingaaðstöðu. Æft var á síðasta ári í Kópavogsskóla, Gullsmára, Boðanum, Smáranum og víðar.

Glóð var stofnað 24. október 2004. Þann 24 okt. 2014 var haldin vegleg afmælisveisla í Gullsmára. Veittar voru viðurkenningar, flutt brot úr sögu Glóðar, ungir blásarar blésu inn hátíðina og Þór Breiðfjörð flutti nokkur einsöngslög. Öllum var síðan boðið í kaffi og bakkelsi.

Nokkur fræðsluerindi hafa verið flutt og Aðventuhátíðin var á sýnum stað - við kertabirtu í Gjabakka. Þar afhenti

Friðgeir H. Guðmundsson félaginu myndir sem hann hefur tekið á ýmsum samkomum félagsins.

Tvö fréttabréf hafa verið send til félaganna auk þess hafa verið sendar rafrænar tilkynningar um nær alla viðburði á vegum félagsins. Ég hvet félagana til að fylgjast með og opna póstinn sinn reglulega.

Þjálfarar félagsins voru Óli Geir Jóhannesson, Anna Kristín Kristjánsdóttir, Ásta S. Gylfadóttir og Margrét Bjarnadóttir sem þjálfaði aðeins á vorönninni.

Í afmælishófinu veitti félagið tvo þjálfarastyrki, til Óla Geirs og Margrétar Bjarnadóttur en þau hafa verið aðalþjálfarar félagsins.

Að lokum langar mig að þakka öllum félögum, starfsmönnum íþróttahreyfingarinnar sem félagði hefur samskipti við svo og öllu því góða fólki sem leggur félaginu liði. Sérstakar þakkir til UMSK og Kópavogsbæjar.

Með kveðju

Sigurbjörg Björgvinsdóttir, formaður



## Golfklúbburinn Oddur



### Stjórn GO

Ingi Þór Hermannsson, formaður

Guðmundína Ragnarsdóttir, varaformaður

Þorvaldur Þorsteinsson, gjaldkeri

Ágústa Arna Grétarsdóttir, ritari

Svavar Geir Svavarsson, meðstjórnandi

Einar Geir Jónsson, varamaður

Aðalfundur klúbbsins var haldinn 2. desember 2014

Segja má að starfsárið hafi byrjað með látum. Mjög svo óvenjuleg veðurskilyrði í vetur urðu til þess að svell lá yfir flestum flötum vallarins á þriðja mánuð. Sérfræðingur á sviði gras- og gróðuræktunar líkti ástandinu við hljóðlátar náttúruhamfarir og lyktin af grasi sem leið súrefnisskort leyndi sér ekki. Starfsmenn lögðu hart að sér við að brjóta svellbunkana en í hvert sinn sem hlýnaði í veðri rann vatn, sér í lagi úr hrauninu, út á flatirnar og svo fraus allt á ný. Þannig endurtók sagan sig hvað eftir annað.

Og vissulega komu margir íþróttavellir illa undan þessum vetri. En með dugnaði og ósérhlífni vallarstarfsmanna, og félaga sem lögðu hönd á plóg og mættu með járnkarla, hamra og borvélar til að vinna á svellinu, fór betur en á horfðist og með markvissum aðgerðum jöfnuðu golfvellirnir sig að mestu snemma sumars.

Urriðavöllur opnaði inn á 16 sumarflatir þann 15. maí og um 10 dögum síðar inn á allar flatir vallarins. Veðurfarslega var sumarið nokkuð hlýtt í sögulegu samhengi en úrkomusamt svo ekki sé meira sagt því blautara hefur það ekki verið

frá 1920. Sólin var heldur ekki að þvælast fyrir kyflingum því sólskinsstundir hafa ekki verið færri frá 1984. Óneitanlega hafði þetta veðurfar neikvæð áhrif á starfsemi og rekstur klúbbsins, ekki síst tekjulega séð. Þó september hafi verið með eindæmum blautur þá var haustið milt og Urriðavelli því ekki lokað fyrir en 20. október.

### Félagsstarf

Fjöldi félagsmanna í Oddi stendur nánast óbreyttur á milli ára, eða rúmlega 1.150 félagar.

Félagsstarf var með hefðbundnu sniði. Inniaðstaðan í Kauptúni var vel sótt á árinu. Golfhermarnir njóta mikilla vinsælda og aðstaðan hefur verið nýtt af krafti til æfinga og undirbúnings.

Að venju var félagsfundur haldinn í vor þar sem farið var yfir komandi sumar, spjallað og kynnin efl. Sem fyrr var húsfyllir og ánægjulegt er að sjá hversu margir sýna starfinu áhuga með þessum hætti.

Á félagsfundinum var m.a. verkefninu „Braut í fóstur“ hrint af stað. Allir félagsmenn fengu hver um sig eina braut til þess að fóstora og tilgangur með verkefninu var að auka þátttöku félagsmanna í því að hugsa enn betur um völlinn, tína rusl, laga kylfu- og boltaföer og þess háttar. Segja má að vel hafi tekist til og völlurinn verið til fyrirmyndar í sumar. Sem fyrr tóku margir félagsmenn þátt í gróðurdegi, plöntuðu trjám og snyrtu umhverfið.

Efnt var til fræðslufunda, m.a um næringu og rétt hugarfar við undirbúning og leik. Kvinnastarfið var að venju þróttmikið á árinu.

Meistaramót klúbbsins var haldið 6. – 12. júlí. Ágæt þátttaka var að þessu sinni en það lætur nærri að um fjórðungur félagsmanna taki þátt. Örn Smári Gíslason var fenginn til að hanna verðlaunagrip mótsins og sótti hann innblástur til bautasteinanna sem eru við teiga hveirrar brautar Urriðavallar. Að mati stjórnar tókst mjög vel til og er þar líklega komin hönnun sem verður notuð á næstu árum. Klúbbmeistarar 2014 voru Andrea Ásgrímsdóttir og Ottó Axel Bjartmarz.

Að venju var slegið upp veislu í mótslok og félagar gerðu sér glaðan dag. Við það tækifæri voru þrír félagsmenn sæmdir silfurmerki félagsins fyrir mikið og gott starf tengdu mótahaldi klúbbsins í fjölda ára. Þeir sem hlutu silfurmerki að þessu sinni voru Baldur Hólmsteinsson og heiðurshjónin Lilja Ólafsdóttir og Þorkell Jónsson.

Segja má að árið hafi endað á Alcáidesa á Spáni því þangað lögðu 70 félagsmenn leið sína og spiluðu golf í viku og nutu samvista. Góð þátttaka hefur verið í innanfélagsmótunum. Á þessu ári var fyrirkomulagi mótahaldsins breytt frá síðasta ári. Ánægjulegt var að inn kom að nýju holukeppni með útsláttarfyrirkomulagi sem gekk vel og ánægja var með. Einnig var boðið upp á hjóna- og parakeppni.

Þá er gaman frá því að segja að stjórn Odds hefur samþykkt beiðni Golfsambands Íslands og Golfsambands Evrópu, EGA, um að Evrópumót kvennalandsliða fari fram á Urriðavelli sumarið 2016. Það er mikil heiður og viðurkenning fyrir klúbbinn að verða fyrir valinu og ekki síður fyrir íslensku golfhreyfinguna. Það verður ánægjulegt að bjóða bestu áhugakylfinga kvenþjóðarinnar í Evrópu velkomna á Urriðavöllum og fylgjast með golfleik í hæsta gæðaflokki. Við höfum trú á að þetta mót geti fært klúbbnum og Urriðavelli tækifæri til framtíðar.

Samskipti við bæjaryfirvöld í Garðabæ

Á síðastliðnum fimm árum hefur stjórn Odds leitað til Garðabæjar og óskað eftir þátttöku bæjarins í greiðslu leigu vegna íþróttastöðu Odds í Urriðavatnsdölum. Rök okkar hafa verið á þá leið að þar sem Garðabær greiðir fyrir íþróttastöðu nánast allra íþróttagreina og flokka sem stunda íþróttir í Garðabæ þá



beri bæjarfélaginu, sé jafnræðis gætt, að taka þátt í greiðslu leigukostnaðar Odds. Hefur hvorki gengið né rekið í þessum efnum.

Á félagsfundi sem haldinn var 1. maí var einróma samþykkt ályktun þar sem skorað er á bæjarstjórn Garðabæjar að leiðrétta hið snarasta það ójafnræði sem klúbburinn býr við varðandi leigu á íþróttaðstöðu sinni. Oddur greiðir um þriðjung tekna af félagsgjöldum í leigu fyrir mannvirkin í Urriðavatnsdölum á sama tíma og önnur íþróttastarfsemi í Garðabæ, og reyndar víðar á höfuðborgarsvæðinu, borgar óverulegt eða ekkert gjald fyrir þá íþróttaðstöðu sem nýtt er í þágu bæjarbúa og nærsveitunga. Á fundi sem haldinn var í kjölfarið með bæjarstjóra Garðabæjar undirstrikaði hann að Oddur muni ekki njóta frekari stuðnings bæjaryfirvalda en sem nú nemur og kann að felast í almennum hækkunum á styrkjum til allra íþróttafélaga. Að mati stjórnar GO er þetta dapurleg niðurstaða.

Stækkun Urriðavallar

Hugmyndir hafa lengi verið á lofti um stækkun Urriðavallar í austur og norður af núverandi vallarstæði. Samkvæmt samningi við landeigendur fór fram í sumar hagkvæmnisúttekt á stækkun vallarins í 27 holur. Skipuð var nefnd beggja aðila til þess að meta kostnað við stækkun á vellinum um 9 holur og mögulegar auknar framtíðartekjur. Næstu skref stjórnar Odds í þessu efni er að vinna áfram með landeigendum að málinu, tryggja þætti sem varða skipulagsmál og afla þessari hugmynd fylgis hagsmunaaðila. Rekstrarhæfi klúbbsins til lengri tíma litid mun ráðast af því hvort af stækkun vallarins verður eða ekki.

#### F.h stjórnar Golfklúbbsins Odds

**Ingi Þór Hermannsson, formaður**



## Golfklúbbur Álftaness



Stofnaður 2002

Staðsettur við Haukshús, Álftanesi

Formaður: Björn Sveinbjörnsson

Golfklúbbur Álftaness (GÁ) rekur 9-holu golfvöll, 3988 metra langan par 66 (m.v. 18 holur), ásamt 4-holu æfingavelli.

Meðlimir klúbbsins eru um 180, börn, fullorðnir og eldri borgarar.

Námskeið voru haldin í samstarfi við GKG fyrir börn og unglinga ásamt því að PGA golfkennari var með kennslu. Nokkur mót voru haldin og eru þau helstu: Punkta-mótaröð (7 mót), 3ja daga meistaramót í nokkrum flokkum, kvenna-mót og fl.

Á árinu 2014 voru gerðar töluverðar breytingar á vellinum, hann lengdur í tæpa 4000 metra, teknar voru í notkun 3 nýjar brautir ásamt fleiri breytingum sem bæta gæði vallarins til muna.



## Gróttu



Innan Íþróttafélagsins Gróttu starfa nú fjórar deildir. Þrátt fyrir lítillhátar fækkun barna á Seltjarnarnesi er mikill kraftur í starfi félagsins, enda mikið af góðu fólki sem gefur tíma sinn

til að starfa fyrir Gróttu.

Íþróttaamaður Gróttu 2014 var útnefndur í byrjun janúar en það var kraftlyftingakonan Fanney Hauksdóttir sem varð fyrir valinu. Við sama tækifæri var Nanna Guðmundsdóttir valin íþróttaamaður æskunnar hjá félaginu. Sem fyrr var fjöldi iðkenda félagsins valinn til æfinga hjá landsliðum Íslands.

Aðalfundur allra deild voru haldnir í mars 2014 og voru þeir ágætlega sóttir af félagsmönnum.

#### Aðalstjórn félagsins í dag skipa þessir:

Formaður, Haraldur Eyvinds

Varaformaður, Ragnar O. Rafnsson

Gjaldkeri, Guðjón Norfjörð

Ritari, Hreinn Októ Karlsson

Meðstjórnandi, Hafdís Guðmundsdóttir

Kraftlyftingadeild Gróttu er yngsta deild félagsins stofnuð í lok árs 2011 og telur nú um 150 félagsmenn. Starfið var „grjóthart“ og deildin fagnaði mörgum Íslandsmeistaratitlum á árinu og félagið varð bæði Íslands- og bikarmeistari. Deildin eignaðist einnig Norðurlandameistara og heimsmeistara unglinga í bekkpressu.

#### Stjórn deildarinnar skipa:

Formaður, Erla Kristín Árnadóttir

Varaformaður, Borghildur Erlingsdóttir

Ritari, Brynhildur Björnsdóttir

Gjaldkeri, Hulda Pjetursdóttir

Meðstjórnendur, Ingimundur Björgvinsson,

Agnes Amelía Kistjónsdóttir og Aron Lee Du Teitsson

Varamenn, Sólveig Sigurðardóttir og

Ragnheiður Sigurðardóttir

Handknattleiksdeild Gróttu hefur verið starfandi frá 1969. Gróttu teflir nú fram liði í efstu deild kvenna og í 1. deild karla. Unglingastarf deildarinnar er sem fyrr til mikillar fyrirmyndar.

#### Stjórn deildarinnar skipa:

Formaður, Arnar Þorkelsson

Varaformaður, Arnar Kormákur Friðriksson

Gjaldkeri, Davíð Scheving

Meðstjórnendur, Hannes Birgisson,

Kristín Þórðardóttir og Hjalti Ástbjartsson

#### Stjórn unglingaráðs skipa:

Formaður, Erla Gísladóttir

Meðstjórnendur, Sigurlaug Vilhelmsdóttir, Karitas

Kjartansdóttir, Arna Hansen, Helga Charlotte

Reynisdóttir, Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir,

Hervör Pálsdóttir og Viggó Kristjánsson.



Knattspyrnudeild Gróttu er elsta deild félagsins. Félagið er með lið á keppni í 1. deild karla á næstu leiktíð. Stór-átak hefur verið gert í eflingu kvennaknattspyrnu og yngri flokkar dafna mjög vel.

#### **Stjórn deildarinnar skipa:**

Formaður, Hilmar Sigurðsson  
Gjaldkeri, Magnús Gunnarsson  
Varaformaður, Jón Sigurðsson  
Meðstjórnendur, Árni Pétursson,  
Sigurður Hilmarsson, Halldór Eyjólfsson og  
Ísak Runólfsson

#### **Unglingaráð knattspyrnudeildarinnar skipa:**

Formaður, Halldór Eyjólfsson  
Meðstjórnendur, Ísak Runólfsson, Elías Kristjánsson,  
Svandís Bergmannsdóttir

Fimleikadeild Gróttu er sem fyrr fjölmennasta deild félagsins. Nokkuð þrengir að starfsemiinni, en vonir standa til þess að nýtt og stærra fimleikahús rísi á næsta ári.

#### **Stjórn deildarinnar skipa:**

Formaður, Guðrún Edda Haraldadóttir  
Varaformaður, Sandra Sif Morthens  
Gjaldkeri, Sigrún Hallgrímsdóttir  
Meðstjórnendur, Jenný Steinarsdóttir og  
Kristján Mímisson.  
Varamenn; Anna Jónsdóttir



## **Handknattleiksfélag Kópavogs**

Aðalfundur félagsins fyrir starfsárið 2013 var haldinn 11. apríl 2014 í Fagralundi. Hefðbundin aðalfundarstörf. Niðurstöður rekstrar starfsársins var viðundandi. Sigurjón Sigurðsson núverandi formaður gaf kost á sér til áfram haldandi setu, ekkert mótframboð barst og var því Sigurjón kjörinn til tveggja ára. Kosið var jafnframt um tvo aðalmenn voru Einar Tómasson og Kristinn Gunnarsson kjörnir til tveggja ára. Ingibjörg Gunnarsdóttir og Vilhelm Gauti Bergsveinsson voru kjörin varamenn til eins árs.

#### **Eftirfarandi skipa því Aðalstjórn félagsins:**

Sigurjón Sigurðsson, formaður  
Magnús Gíslason, varaformaður  
Einar Tómasson, gjaldkeri  
Kristinn Gunnarsson, ritari  
Hólmfríður Kristjánsdóttir, fulltrúi félaga og stjórna  
Ingibjörg Gunnarsdóttir, varamaður  
Vilhelm Gauti Bergsveinsson, varamaður

#### **Eftirfarandi eru formenn deilda og barna- og unglingaráða:**

Guðmundur Víðir Reynisson, handknattleiksdeild.  
Jóhann Viðarsson, barna- og unglingaráð handknattleik.  
Þórir Bergsson, knattspyrnudeild.  
Baldur Már Bragason, barna- og unglingaráð knattspyrnu.  
Ásta Sigrún Gylfadóttir, blakdeild.  
Valgeir Hilmarsson, barna- og unglingaráð blak  
Magnús Bollason, borðtennisdeild.  
Ólafur Már Hreinsson, dansdeild.  
Árný Árnadóttir, taekwondo deild.  
Atli Þór Hannesson, bandýdeild.

Íþróttamaður HK á árinu er Brynjar Júlíus Pétursson fyrirliði meistaraflokks karla í blaki en meistaraflokkur karla í blaki unnu Íslands-, Deildar- og Bikarmeistaratitli annað árið í röð. Á ársþingi UMSK fengu þeir UMFÍ bikarinn að auki. Meistaraflokkur kvenna í blaki vörðu titil og urðu Bikarmeistarar annað árið í röð. 2., 3. og 4. flokkur í blaki tóku nokkra Íslands og bikartitla. Meistaraflokkur karla í knattspyrnu spilaði í fyrstu deild KSÍ og endaði í 6 sæti. HK/Víkingur endaði í öðru sæti í 1 deild. 5. flokkur karla í knattspyrnu urðu Íslandsmeistarar. Meistaraflokkur karla og kvenna í handbolta spiluðu bæði í Olís deild HSÍ, karlar lentu í neðsta sæti en kvenfélkið í áttunda sæti. 6. flokkur karla í handbolta unnu öll sín mót á árinu og þar með Íslandameistartitil. Nokkur pör úr dansdeild lönduðu mörgum titlum á árinu bæði innanlands sem erlendis. Taekwondo deild heldur áfram að vaxa sem og Bandý. Kollfinna Bjarnadóttir borðtennisleikmaður varð Íslandsmeistari unglinga á árinu, hún keppti fyrir hönd Íslands í heimsmeistarakeppni KBB.

Veruleg fjölgun iðkenda var á árinu bæði í handbolta og knattspyrnu, er svo komið að handknattleiksdeild HK er lang fjölmennasta handknattleiksdeild á landinu með nærri 700 iðkendur.

Félagið tók við rekstri íþróttarmiðstöðvarinnar Kórnum í byrjun ársins er það tímamót í starfinu þar sem á samatíma þurfti HK að láta að hendi til Kópavogsbæjar rekstur Íþróttahús Digranes sem er búið að vera hjartað í félaginu frá því 1985 og í rekstri okkar síðan 1992. Digranesið verður áfram aðal keppnisvöllur handknattleiksdeilda. Stefnt er að því á næstu árum að komið verði fyrir miðstöð starfsemi félagsins í Kórnum. Fagrilundur er hjarta blakiðkunar félagsins. Dansdeild nýtir félagsmiðstöð HK í Fagralundi og þar eru æfinga og keppnisvöllir knattspyrnudeilda sem og í Kórnum. Vetrarhátíð félagsins sem haldin var í Digranesi í janúar og þrettándafagnaður var haldinn að venju í Fagralundi eftir blysför var glæsileg flugeldasýning í umsjón Hjálpasveitar Skáta í Kópavogi.

## **Hnefaleikafélag Kópavogs**

Nú er fyrsta starfsárið að baki og hægt með sanni segja að það hafi verið ákaflega viðburðarríkt. Árið fór vel af stað, mörg námskeiða okkar hafa verið vel sótt og okkur til mikillar ánægju tók barna- og unglinga-starfið vel við sér þegar liða tók á árið. Nú á nýju ári telja iðkendur á annað hundrað, að meðtöldum þrekhópum á vegum félagsins. Nokkuð er um að iðkendur boltaíþróttar sækja tímana hjá félaginu. Hnefaleikafélag Kópavogs (HFK) hélt tvö mót á árinu sem

heppnuðust mjög vel. Á hvoru móti voru 10-15 viðureignir og voru þau vel sótt af áhorfendum, húsfyllir í bæði skiptin. HFK á fulltrúa í Hnefaleikaneftnd Íslands (HNÍ) en HNÍ vinnur nú hörðum höndum að stofnun sersambands. Lög sambandsins liggja nú til samþykktar hjá ÍSÍ.

Alþjóðlega Hnefaleikasambandið (AIBA) gaf út nýjar keppnisreglur sem tóku gildi 2013. Í nýju reglunum eru helstu breytingar þær að dómgæsla breytist á þann veg að meira er litið til hæfni keppenda en högga sem þeir ná á andstaðing sinn. Einnig að karlmenn 19 ára og eldri mega ekki lengur nota höfuðhlífir, á móti kemur að notaðir eru efnismeiri hanskar þ.e. 12oz í stað 10oz.

Við hjá HFK lítum framtíðina björtum augum, framundan hjá okkur er fyrsta mót ársins þar sem við fáum nokkra keppendur frá Grænlandi í heimsókn og einnig keppendur úr öðrum félögum á Íslandi en félögin innan ÍSÍ eru nú 6 talsins.

Við höfum lagt ríka áherslu á að aðstaða okkar til æfinga og keppna sé fyrsta flokks. Nýverið fjárfestum við í dýnum á nánast öll gólf sem bætir aðstöðuna til muna.

Aðstaða okkar til hnefaleikadæknar er ein sú allra besta á Íslandi.

Pétur Hrafnsson  
Formaður HFK



## Hestamannafélagið Hörður Mosfellsbæ



Aðalfundur félagsins var haldinn 5.nóvember 2014. Í stjórn sitja: Jóna Dís Bragadóttir formaður, Ragnhildur Traustadóttir gjaldkeri, Oddrún Ýr Sigurðardóttir ritari, Alexander Hrafnkelsson, Haukur Nielsson, Sigurður Guðmundsson, Ólafur Haraldsson, Gunnar Örn Steingrímsson,

Gylfi Þór Þorsteinsson.

Auk aðalstjórnar eru 20 nefndir starfræktar í félaginu, þar sem mjög blómlegt starf fer fram. Á árinu hófst kennsla á hestabraut í Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ, en Hestamannafélagið Hörður tók þátt í að undirbúa þá kennslu og leigir FMOS reiðhöllina af félaginu undir verklega kennslu.

Jafnframt er kennsla í Reiðmanninum í Herði, en það er tveggja ára nám sem stjórnad er frá Háskólanum á Hvanneyri. Lög félagsins voru endurskoðuð og uppfærð til nútímans og samþykkt á aðalfundinum. Stjórnin hefur búið til siðareglur fyrir félagið og komu nokkrir aðilar að því starfi, jafnframt hefur verið stofnuð siðanefnd. Auglýst var eftir reiðkennurum fyrir félagið og sóttu margir vel menntaðir reiðkennarar um. Reiðkennarasamningar hafa verið gerðir við reiðkennara félagsins og er það mikil framför. Reynt er að koma til móts við alla félagsmenn, hvort sem það eru keppnismenn eða aðrir. Í Herði er rekið öflugt barna- og unglingastarf og ráðinn var yfirreiðkennari og er það Sonja Noack, sér hún bæði um æskulýðinn og fullorðna. Stofnaður var Hestaíþróttaklúbbur í haust, en með honum eiga börn og unglingar að geta stundað hestamennsku allt árið eins og í öðrum íþróttafélögum. Þessi klúbbur hefur vakið mikla lukku. Æskulýðsnefndin stendur fyrir mörgum og fjölbreyttum reiðnámskeiðum, ásamt hópeflisnámskeiðum, kynningu á hestum í Grunnskólum bæjarins, fjölskyldureiðtúrum, páskaratleik og fl. Fræðslunefnd fatlaðra hefur vaxið og dafnað eins og undan farin ár og fengum við viðurkennningar á síðasta ári fyrir vel unnin störf. Starfsemin hefur vakið athygli langt út fyrir Harðarsvæðið og eru börn keyrð m.a. frá Suðurnesjunum og Selfossi til að koma á reiðnámskeið. Áframhald er á samstarfi við MS félagið, en MS sjúklingar koma og fara á hestbak og er mikil ánægja með það samstarf. Nefndin hefur fengið fyrteki til að taka hesta í fóstur, því allt kostar þetta peninga og hefur það gengið þokkalega, en betur má ef duga skal. Berglind Árnadóttir sér um alla kennslu en einnig eru margir sem aðstoða í sjálfbodaðavinnu og fá nemendur í FMOS einingar fyrir að koma og vinna sem sjálfbodaðaliðar. Skemmtinefndin kvenna stóð fyrir reiðtúrum tvisvar sinnum í mánuði, nefndin hefur staðið fyrir þessum reiðtúrum í nokkur ár og hafa þeir mælst vel fyrir. Kvennadeildin hefur séð um veitingar á hinum ýmsu upptökum sem eru í Herði s.s. þegar Fáksmenn koma, Kirkjureið og fl. Mörg og fjölbreytt mót voru haldin í Herði, m.a. þrjú vetrarmót, bikarmót, grímutoft, grímuleikar og fl. sem öll voru inni í reiðhöllinni. Firmakeppni Harðar var haldin að venju 1. maí. Haldið var fjölmennt WR íþróttamót sem stóð í 3 daga í maí. Gæðingamót var haldið í byrjun júní, sem var jafnframt úrtaka fyrir Landsmót. Stofnuð var Landsmótsnefnd sem sá um undirbúning æskunnar fyrir landsmótið og heppnaðist það mjög vel. Einnig stóðu Harðarfélagar sig vel á Íslandsmótinu og fengum við 4 Íslandsmeistaratitla. Harðarfélagar fóru riðandi til Reykjavíkur og tóku Fáksmenn vel á móti okkur. Einnig komu Fáksmenn til okkar og gátum við endurgoldið gestrisnina. Náttúruleið var riðin að Hrafnhólum, en þar var grillað og fólk skemmti sér við gítarspil og söng. Formannsfrúarkarlareið var farin frá Þingvöllum og tókst vel, en riðið var frá Skógarhólum í Mosfellsbæ og voru 40 karlar sem fóru í ferðina og konurnar sáu um veitingar. Haldið var Lífstóltmót fyrir konur þar sem safnaðist 1.500.000 sem gefin var til kvennadeildar Landspítalans, öll vinna við mótið var gefin ásamt því að fjölmörg fyrirtæki og stofnanir gáfu vinninga og peningagjafir. Félag 8villtra í Herði afhenti á árhátíðinni 1.000.000 sem þeir höfðu safnað og rann sú upphæð í stækkunarsjóð Harðarbóls. Byggingin er orðin fókheld og verður vígð á árhátíð félagsins í mars. Öll vinna fer fram í sjálfbodaðavinnu. Hestaíþróttamaður Harðar árið 2014 er Reynir Örn Pálmason en þetta er í sjötta sinn sem hann er útnefndur og er hans keppnisárangur sérstaklega farsæll.





## Dansfélagið Hvönn



Dansfélagið Hvönn var stofnað 21. október 1995 og er elsta félagið innan Dansíþróttasambands Íslands. Þann 1. janúar 2009 fékk Dansfélagið aðstöðu í Vallarkór 14, glæsilega 400 fermetra aðstöðu ásamt 30 fermetra skrifstofuáðstöðu. Starfið sem hefur gengið vonum framár á árinu 2014 áfram hefur verið haldið á þeirri braut að að fjölga iðkendum og gera aðstöuna enn betri. Þá hefur félagið sett reglur um notkun á farsímum og tölvum á æfingum sem hafa reynst vel.

Áframhaldandi samstarf varið við DÍB ( dansíþróttafélag Borganess ) á árinu 2014, en til að dansa tango þarf 2 einstaklinga og höfum við komist að samkomulagi um að annar helmingurinn getur verið félagsmaður í Hvönn og hinn í DÍB og hefur þetta gengið með ágætum en 2 slík pör hafa dansað saman síðan á haustmánuðum 2013 og æft á báðum stöðum.

Það urðu nokkur tímamót í Kópavogi í október s.l. þegar þrjú dansfélög í samvinnu við UMSK tóku þá ákvörðun að halda opið UMSK dansmót í Kópavogi. Mótið tókst með miklum sóma fyrir alla sem komu að því og heppnaðist mjög vel og fór fram úr okkar björtustu vonum m.a. komu pör erlendis frá sem vöktu mikla athygli.

Þá á dansfélagið einn fulltrúa í stjórn Dansíþróttasambands Íslands og tvo fulltrúa í mótanefnd Dansíþróttasambands Íslands.

Stjórn félagsins skipa: Hafsteinn Örn Guðmundsson formaður, Aldís Gunnarsdóttir, Örvar Möller, Hildur Ýr Arnarsdóttir og Ida Semey. Gestapjálfarar hafa komið reglulega til okkar á árinu þeirra þekktust er Manulea Fallar en hún er meðal annars í landsliðspjálfarateymi Þýska danssambandsins.

**Aðalpjálfi er Hildur Ýr Arnarsdóttir.**



## Íþróttafélag aldraðra Kópavogi

Íþróttafélagið starfaði með sama sniði og áður. Leikfímistíminn byrjar kl 11 f.h. og stendur í 40 mínútur, þriðjudaga og fimmtudaga. Þátttökugjald er 1.000 krónur á mánuði en engin aukagjöld. Vorönn hófst 9. janúar og lauk 13. maí. Haustönn byrjaði 11. september. Síðasti tíminn fyrir jólafrí var 18. desember. Félagið hefur, eins og áður, aðstöðu á jarðhæð í Digraneskirkju. Skráðir félagar eru 98, þar af virkir 73. Meðaltalsmæting í leikfíminni á árinu var 39 en hámarks mæting 62. Í tímum er mikil áhersla lögð á alhliða



hreyfingu, upphitun, liðkun liða, þjálfun vöðva og teygjur. Þjálfari félagsins er Fannar Karvel Steindórsson íþróttakennari. Vor og haust er farin dagsferð. Í ár var farin vorferð á Hermámssafnið í Hvalfirði og haustferð til Reykhólts í Borgarfirði.

Í starfsskýrslu til Í.S.Í. síðustu ár var röng talning á fjölda iðkenda. Það var vegna vankunnáttu á gerð skýrslunnar. Þetta er nú komið í lag.

Íþróttastaðan í Digraneskirkju er ókeypis en félagarnir taka þátt í kirkjustarfi aldraðra.

Aðalfundur félagsins var haldinn í Digraneskirkju 25. mars 2014.

### Stjórnina skipa:

**Formaður:** Hörður Þorleifsson, 280528-4049

**Gjaldkeri:** Margrét Loftsdóttir, 270442-7069

**Ritari:** Elín Guðlaug Kröyer, 070437-2609

### Meðstjórnendur:

Inga Guðmundsdótti, 101131-4929

Vigdís Jack, 240329-2049

**Kveðja frá stjórn Í.A.K. Hörður Þorleifsson.**



## Golfklúbburinn Kjölur



Aðalfundur Kjalar var haldinn fimmtudaginn 12. desember 2013. **Ný stjórn fyrir árið 2013-2014 var kosin og skipti hún þannig með sér verkum:** Guðjón Karl Þórisson formaður,

Hilmar Harðarson varaformaður, Vala Valtýsdóttir gjaldkeri, Margrét Óskarsdóttir ritari, Davíð Gunnlaugsson meðstjórnandi, Þórhallur Kristvinsson meðstjórnandi og Sigurður Sveinsson varamaður í stjórn.

**Fyrsta verkefni stjórnar var að skipa formenn nefnda og voru þeir eftirtaldir:**

Mótanefnd Siggeir Kolbeinsson, Vallarnefnd Hilmar Harðarson, Afreks- og unglinganefnd Þorsteinn Hallgrímsson, Forgjafarnefnd Sigurður Rúnar Ívarsson, Kvennanefnd Ingibjörg S Helgadóttir, Öldunganefnd Hákon Gunnarsson og Gróðurnefnd Bjarni Ásgeirsson

Kunnum við þessum aðilum bestu þakkar fyrir störf sín á árinu sem og öðrum nefndarmönnum.



Eins og venjulega fer meginstarf klúbbsins fram í nefndum og ber þar hæst afreks- og unglinga-, valla-, móta- og for-gjafarnefnd.

Almennt gekk félagsstarfið vel. Það má segja að golfárið hafi enn og aftur verið eftirminnilegt fyrir þær sakir að veðrið lék ekki alltaf við okkur. Menn höfðu af því miklar áhyggjur að það gæti skilað sér í verri afkomu golfklúbbsins þar sem tekjur af flatargjöldum mundu dragast saman og að færri tækju þátt í golfmótum á vegum klúbbsins. Þrátt fyrir þetta jukust tekjur Golfklúbbsins Kjalar á árinu og afkoma varð viðunandi eða um 11 milljóna króna hagnaður. Þar vega þungt vormót, aukning í félags- og flatargjöldum sem og aðrir samningar sem gáfu okkur auknar tekjur.

Félagsmenn þetta árið voru um það bil 830 og fjölgaði þeim aðeins minna en gert var ráð fyrir í áætlunum. Leiknir hringir á vellinum voru 18.058 á tímabilinu 1. maí til 1. október samanborið við 17.931 sumarið 2013 og 17.675 árið 2012. Félagsmenn léku 11.903 hringi í ár samanborið við 10.675 árið 2013 og 9.840 sumarið 2012.

Af þessu má sjá stöðugan vöxt í aðsókn að klúbbum og á vellinum okkar.

Mótahald hófst 29. mars og í lok nóvember var enn leikið inn á sumarflafr í vetrarmótaröðinni. Haldin voru samtals 15 opin mót, en af þeim voru tvö GSÍ mót og eitt unglinga-mót og Sveitakeppni kvenna og eitt LEK mót eldri kylfinga. Í þessum mótum voru samtals 1.876 þátttakendur.

### Keppnisárangur og afreksstarf.

Mikil áhersla hefur verið lögð á barna- unglinga- og afreksstarf hjá klúbbum undanfarin misseri. Það góða starf sem unnið hefur verið af öllum þeim einstaklingum sem komið hafa að því hefur skilað okkur mjög góðum árangri. Þar ber helst að nefna:

Kristján Þór Einarsson sem varð stigameistari á Eimskipsmótaröðinni á árinu. Hann sigraði í 3 mótum af 7 og varð meðal annars Íslandsmeistari í holukeppni.

Í unglingaflokki vann Kristófer Karl Karlsson lokamót mótaráðarinnar og endaði í 2. sæti á Íslandsbankamótaröðinni. Keppnisveit karla endurheimti sæti sitt í efstu deild án stigameistarans Kristjáns Þórs sem var frá vegna barneigna, og kvennasveitin okkar skilaði frábærum árangri og náði þriðja sæti í efstu deild hér á heimavelli.

Í fyrsta sinn í fjölda ára sendi klúbburinn keppnisveit í stúlknafllokki 18 ára og yngri eingöngu skipaða Kjalarstúlkum.

Þessi frábæri árangur sýnir okkur að við erum á réttri leið í afreksstarfinu okkar.

Þessi vinna er einnig að skila sér í fjölgun barna í afreksstarfinu, sér í lagi yngra fólkinu og erum við þar að búa okkur til framtíðar afreksfólk og klúbbmeðlimi hér í Mosfellsbæ.

### Framkvæmdir

Sumarið 2014 var þriðja sumarið í sögu klúbbsins sem 18 holur voru spilaðar frá opnun í vor. Fyrir árið var gerð áætlun um framkvæmdir á vellinum og stóðust þær. Stærstu framkvæmdir ársins voru við 18. flöt með dyggum stuðningi frá Mosfellsbæ og kunnum við þeim bestu þakki fyrir. Eins var mikið starf unnið við nýrri hluta vallafrins, þar sem lokað var opnum svæðum við holur 7. og 8. holu og unnið í námunni við 7. braut auk þess sem lagðar voru drenlagnir á 4. brautina sem var mjög blaut lengst af sumri. Í samstarfi við foreldraráð og afreksnefnd reistum við „Höllina“ við hlið golfskálans sem nýtist okkur vel sem aðstaða fyrir afreksfólkið okkar og við námskeiðahald. Á því sést vel hversu

mikilvægt samstarf klúbbmeðlima, foreldrafélags og fleiri er klúbbum. Það voru margir sem komu að því verkefni og án þess að ég telji þá aðila alla upp, þá viljum við koma á framfæri þakklæti fyrir það samstarf eins og annað. Slík vinna og framlag er okkur ómetanleg.

Nánar er farið út framkvæmdir í skýrslu vallafrnefrndar.

### Lokaorð

Undanfarið árið höfum við í stjórn Kjalar, auk venjubundinna starfa stjórnarinnar, unnið við undirbúningsvinnu fyrir sameiningu klúbbsins við Golfklúbb Bakkakots. Fyrir á árinu var einnig undirrituð viljayfirlýsing við bæjarfélagið Mosfellsbæ um aðkomu þess í formi styrkja til uppbyggingar hins sameinaða klúbbs ef af verður. Við höfum farið yfir málið á opnum kynningarfundum fyrir klúbbmeðlimi og kynnt þar framvindu málsins og haft opið fyrir spurningar og skoðanaskipti sem vonandi hafa verið okkur öllum gagnlegar.

Viku fyrir aðalfund var boðað til kosningafrndar sem ekki var löglegur sökum mætingar en þar hefðu helmingur félagsmanna þurft að mæta. Því var að loknum aðalfundi haldainn félagsfundur þar sem efni frndarins var kosning um sameiningu GKJ og GOB. Með því ljúkum við þessu ferli sem nú hefur tekið á annað ár og var lagt í hendur klúbbmeðlima hvort þessir tveir golfklúbbar í Mosfellsbæ sameinast. Þess má geta að 90% þeirra sem mættu á fundinn kusu með sameiningu klúbbafrna þannig á UMSK þingi 2016 verða fulltrúar Golfklúbbs Mosfellsbæjar í stað fulltrúa GKJ og GOB.

Að lokum vil ég þakka öllum þeim sem hönd lögðu á plóginn á einhvern hátt síðasta starfsár og færi þeim þakki stjórnar. Nefndar og stjórnarmönnum, ásamt starfsmönnum klúbbsins, færi ég þakki fyrir gott samstarf og vel unnin störf.

**Fyrir hönd stjórnar Golfklúbbsins Kjalar**  
**Guðjón Karl Þórisson, formaður GKJ.**



## Knattspyrnufélag Garðabæjar

KFG hefur tekið þátt í riðlakeppni 4 deildar undanfarin 7 ár. Síðustu 2 árin hefur KFG verið afar stutt frá því að vinna sér sæti í 3 deild, farið taplaust gegnum riðlakeppnina í 2 leiktímabil. Jafnframt hefur KFG vakið athygli fyrir mikinn og öflugan sóknarleik og er það lið sem skoraði flest mörk á Íslandsmóttinu 2014 í öllum deildum eða 69 og fékk aðeins á sig 11 sem er nokkuð merkilegt, því sjaldnast eru sóknarliðin einnig að leika öfluga vörn. KFG hefur yfir að ráða reynslumiklu liði í bland við efnilega unga leikmenn. Þá hefur umgjörð og rekstur KFG verið traustur og kraftur í starfinu. Lárus Guðmundsson rekur KFG ásamt því að koma að

þjálfun liðsins. Framlag Joost Van Erwen er ómetanlegt en hann er að auki sjúkráþjálfari liðsins. Hinn heimspektti Garðbæingur Jói Bæjó sér um búningamál og ýmsar reddingar.

Þjálfari liðsins er Heimir Porca sem er líklega næstbesti þjálfari landsins. Svo hefur KFG yfir að ráða sérstökum hirðljósmyndara Þorsteini Ólafs sem hefur gætt leiki KFG extra lífi, en hann er á velflestum leikjum og hefur fangað mörg frábær atvik á filmu

Garðabær 16.02.15.

**Bkv.**

**Lárus Guðmundsson**



## Júdófélag Garðabæjar



Síðasti aðalfundur var haldinn þann 10. ágúst 2014.

Í stjórn félagsins eru:

Björn H. Halldórsson, formaður

Þorgrímur Hallsteinsson, ritari

Gunnar Þorvaldsson, gjaldkeri

Jóhanna S. Sigurðardóttir, meðstjórnandi

Kristrún Sigurðisardóttir, meðstjórnandi

### Um starfið

Júdófélag Garðabæjar var stofnað árið 2010 og er því æfingatímabilið 2014 – 2015 fimmti starfsvetur félagsins. Starfið hefur gengið mjög vel síðastliðin ár og var liðinn vetur engin undantekning. Í ár hafa báðir yngri flokkarnir verið vel sóttir með 15 iðkendur í hvorum aldurshópi. Að jafnaði hafa verið 4 til 5 iðkendur á fullorðinsæfingum. Nýr þjálfari tók við á síðasta ári og hefur Gísli Vilborgarson að mestu séð um alla þjálfun félagsins. JG hefur tekið þátt í nokkrum mótum líkt og venjan er og hafa iðkendur fengið gull og silfur og gengið almennt vel.

Mikil samstaða er í félaginu enda myndast þéttur kjarni sem hefur fylgst að núna í nokkur ár. Viðhorf og þátttaka foreldra hefur einnig skipt gríðarlega miklu máli fyrir félagið í heild sinni og stefnt er að því að efla starf Júdófélags Garðabæjar á komandi tímabilum og hvetja iðkendur til þess að ná enn meiri árangri í framtíðinni.

## Nesklúbburinn



Aðalfundur Golfklúbbs Ness - Nesklúbbsins var haldinn laugardaginn 29. nóvember. Um 80 félagar sátu fundinn. Lögð var fram skýrsla stjórnar sem og reikningar sem voru samþykktir samhljóða.

Allir stjórnarmeðlimir gáfu kost á sér til áframhaldandi

stjórnarsetu og er stjórn Golfklúbbs Ness – Nesklúbbsins því þannig skipuð:

**Formaður:** Ólafur Ingi Ólafsson

Áslaug Einarsdóttir

Geirarður Geirardsson

Oddur Óli Jónasson

Arnar Friðriksson

**Varamenn:**

Guðrún Valdimarsdóttir

Puríður Halldórsdóttir

Framkvæmdastjóri er Haukur Óskarsson



Árið 2014 var merkilegt fyrir fyrir Golfklúbb Ness - Nesklúbbinn. Klúbburinn fagnaði 50 ára afmæli sínu á árinu og var sá merkisatburður rauði þráðurinn í allri starfsemi klúbbsins með einum eða öðrum hætti út árið. Helst ber þar að geta afmælishátið sem haldin var á vormánuðum, afmælistótið í júní og undir lok árs gaf klúbburinn svo út veglegt afmælisblað.

Á afmælishátiðinni voru klúbbnum færð þau merkilegu og gleðilegu tíðindi að þá í vikunni hefði lokið viðamiklu ferli sem unnið hafði verið að í rúmlega þrjú ár. Nesklúbburinn hafði þá fyrstur íslenskra golfvalla hlotið umhverfisvottun alþjóðlegu samtakanna Golf Environment Organization. Golfklúbbur Ness – Nesklúbburinn varð þannig 114 klúbburinn í röðinni á heimsvísu til að hlóta þessa vottun og er þar með kominn í góðan hóp golfklúbba eins og t.d. St. Andrews, Carnoustie og Turnberry.

Önnur starfsemi var með hefðbundnum hætti og undanfarin ár þó veðurfar hafi vissulega sett stundum strík í reikninginn. Unglingastarf var í höndum Nökkva Gunnarssonar, golfkennara. Var yfir vetrarmánuðina æft í Lækningaminjasafninu norðan Nesstofu eins og undanfarin ár og æfingar svo færðar út á Nesvöll þegar veður leyfði. Fækkun hefur orðið á krökkum og unglingum sem sækja reglubundnar æfingar hjá klúbbnum og leitar stjórn klúbbsins nú allra leiða til þess að koma fleirum úr þeim aldursflokki að. Meistaramót klúbbsins var haldið dagana 5. – 12. þar sem tæplega þriðjungur félagsmanna var skráður til keppni. Klúbbmeistari karla er Ólafur Björn Loftsson sem sigraði í 10. sinn og klúbbmeistari kvenna er Helga Kristín Einarsdóttir sem sigraði annað árið í röð.

Einvígið á Nesinu, „shoot-out“ góðgerðarmótið var að venju haldið á frídegri verslunarmanna, núna mánudaginn 4. ágúst. Mótið sem haldið var í átjándi skipti var sem fyrr styrktarmót þar sem tíu af bestu kylfingum landsins er boðin þátttaka og spiluðu í ár í þágu Styrktarfélags barna með einhverfu. Sigurvegari mótsins var Kristján Þór Einarsson úr golfklúbbnum Kili. Fjöldi áhorfenda leggur ávallt leið sína á Nesvöllin á þessu móti og eins og áður var mótið tekið upp og síðar sjónvarpað.

Fuglalíf var með blómlegasta móti og gladdi það marga hversu vel kríuvarp gekk nú eftir hörmungar undanfarinna ára.

Félagar í Golfklúbbi Ness eru núna 675 talsins. Gríðarleg bið er eftir að komast í klúbbinn og kom sú óvenjulega staða upp á árinu að fjöldi fólks á biðlista fór umfram meðlimina sjálfa, en núna eru yfir 700 manns sem biða eftir að komast í klúbbinn. Klúbburinn hefur árangurslaust sóst eftir auknu landsvæði til bæjaryfirvalda. Unnið er nú að nýju deiliskipulagi á Seltjarnarnesi og eru forsvarsmenn klúbbsins bjartsýnir á að þær niðurstöður sem út úr því koma muni veita klúbbum aukni landsvæði og aðstaða klúbbsins þannig batna til muna. Myndi þá um leið vera hægt að gefa fleirum kost á að stunda golfíþróttina og unglingastarf klúbbsins um leið blómgastr á ný.



## Skautafélagið Fálkar

Starfsemi Skautafélagsins Fálkar er með svolítið sérkennilegu sniði. Ekki eru til tímar í skautahöllum höfuðborgarsvæðisins fyrir félagið og því er hefur öll áhersla í starfsemi félagsins verið að fá nýtt skautasvell til að hægt sé að koma starfsseminni almennilega í gang. Fundað var með bæjarstjóra og bæjarfulltrúum Kópavogs og er góður hljómur og andi í þeim viðræðum. Það er von félagsins að þær viðræður muni skila árangri á árinu 2015 og hægt sé að hefjast handa við byggingu á aðstöðu fyrir félagið á árinu.



## Skotfélag Kópavogs



Aðalfundur Skotfélags Kópavogs var haldinn í félagsaðstöðu okkar í Íþróttahúsinu í Digranesi fimmtudaginn 27. febrúar 2014

### Miklar breytingar urðu á stjórn félagsins:

Jóhann A. Kristjánsson var kosinn formaður í stað Stefáns Eggerts. Bára einarsdóttir tók við gjaldkerastöðunni af Ólafi Sigvaldasyni sem kosinn var meðstjórnandi. Stefán Sigurðsson er nýr varaformaður og Emil Kárasen tók við stöður ritara.

Félagið heldur áfram að stækka og stöðugt bætast fleiri iðkendum í hópinn. Skipulagðar skotæfingar eru stundaðar sex daga vikunnar og hefjast þær kl. 19:00 á mánudögum, kl. 18:00 á þriðjudögum, kl. 20:00 á miðvikudögum, kl. 16:00 á

fimmtudögum og kl. 20:00 á föstudögum. Standa æfingarnar yfir fram til kl. 22:00 öll kvöldin nema á fimmtudögum. Þá er æft til kl. 23:00. Á laugardögum eru æfinga milli kl. 10:00 og 12:00 Unglingum í Skotfélagi Kópavogs fjölgaði á haustmánuðum en þá stóð félagið fyrir sérstöku nýliðanámsskeiði sem varð til þess að keppendum í unglingaflokkum loftgreina fjölgaði.

Skotmenn félagsins leggja stund á flestar skotgreinar sem Alþjóða skotíþróttasambandið (ISSF) stendur fyrir og eru fjölmennir á skotkeppnum Skotíþróttasambands Íslands (STÍ) í kúlugreinum. Auk þess var Skotfélag Kópavogs mótshaldari í 13 af 31 landsmóti Skotíþróttasambands Íslands.

### 50m liggjandi riffill. (Enskur Riffill)

Í 50m liggjandi riffli (Enskum) á félagið jafnan flesta keppendur á lands- og Íslandsmótum. Á Íslandsmeistaramótinu var félagið sigursælt. Jón Þór Sigurðsson varð Íslandsmeistari með 610,7 stig og A-lið félagsins varð einnig Íslandsmeistari í liðakeppninni með 1828,1 stig en sveitina skipuðu Jón Þór Sigurðsson, Arnfinnur Auðunn Jónsson og Stefán Eggert Sigurðsson. Þá setti Arnfinnur Auðunn Jónsson nýtt Íslandsmet í 50m liggjandi riffli þegar hann skaut 619,6 sti á Landsmóti STÍ 18. október 2014.

### 300m liggjandi riffil

Keppendur Skotfélags Kópavogs voru fjölmennastir keppenda á Íslandsmeistaramótinu í þeirri grein 9. ágúst 2014 en A-lið félagsins varð þar Íslandsmeistari á 1577 stigum. Sveitina skipuðu Tómas Þorkelsson, Arnfinnur Auðunn Jónsson og Hannes Haraldsson.

### Loftgreinar

Vaxandi áhugi er enn á loftgreinum og þar hafa keppendur Skotfélags Kópavogs staðið sig mjög vel. A-lið félagsins í loftskamm- byssu karla hefur unnið öll landsmótin á þessu ári nema eitt. Bára Einarsdóttir hefur náð góðum árangri í loftskammbyssu og varð hún Íslandsmeistari í greininni 2014 á 365 stigum. Nýliðarnir í unglingaflokkunum hafa einnig staðið sig mjög vel á mótum. Árangur Arnars Harðar Bjarnasonar í loftriffli er athyglisverður en hann setti nýtt Íslandsmet í greininni á Opna Kópavogsmótinu 29. nóvember, 379 stig og bætti svo metið aftur á Vesgurlandsmótinu í Borgarnesi en þá skaut hann 420 stig

### Skammbyssugreinar

Mikil gróska hefur verið í púðurskammbyssugreinunum sem stundaðar eru hjá Skotfélagi Kópavogs en þær eru, Sport skammbýssa, Gróf skammbýssa, Stöðluð skammbýssa og Frjáls skammbýssa þó svo að félagsmenn SFK hafi ekki hampað Íslandsmeistaratitlum á þessu ári.

Jóhann A. Kristjánsson  
Formaður SFK

## Sprettur



Aðalfundur hmf.Sprettis var haldinn 12.mars 2014.

Á honum var kosin ný stjórn en hana skipa, Linda B Gunnlaugsdóttir formaður, Hermann

Vilmundarson varaformaður, Lárus Finnbogason gjaldkeri, Kristín Njálisdóttir ritari, Brynja Viðarsdóttir, Hannes Hjartarson, og Sigurður Halldórsson meðstjórnendur. Fjöldi félaga hefur verið um 1000 manns. Ný reiðhöll var tekin í notkun á síðasta ári og gjörbreytti það allri aðstöðu til iðkunar hestaíþróttar, í reiðhöllinni er boðið uppá þjálfun





og kennslu flesta daga vikunnar, og geta allir fundið námsskeið við sitt hæfi.

Mótahald var með nokkuð hefðbundnu sniði, veturinn byrjaði með mótarið þriggja móta bæði innan og utanhús. Karlatölt var haldið, sem og kvennnatölt og var þátttaka góð í báðum þessum mótum. Stórt Þrígangsmót var einnig haldið og með met þátttöku. Félagið hélt opið „world ranking“ íþróttamót í hestaíþróttum og var gríðarlega góð þátttaka í því. Gæðingamót var haldið sem jafnframt var úrtaka fyrir Lads mót hestamanna og var það firna sterkt mót. Á haustdögum var síðan haldið metamót Sprettis og var það gríðarlega vel sótt bæði af keppendum og áhorfaendum.

Landsmót hestamanna 2014 var fyrsta landsmót sem hmf. Sprettur sendi fulltrúa á og sendi Sprettur átta fulltrúa í hvern flokk. Árangur fór fram úr björtustu vonum og áttum við fulltrúa í efstu sætum í öllum flokkum og sigurvegara í A-flokki gæðinga sem er einn mesti heiður sem hægt er að fá í heimi hestamanna.

Æskulýðsstarf er mikilvæg grunnstoð í starfi félagsins. Fjölbreytt viðfangsefni voru á dagskrá æskulýðsnefndar. Þrauta og leikjadagur æskunnar er árviss viðburður hjá félaginu og þar mætir unga kynslóðin í grímubúningum og leikur listir sínar á hestbaki hver og einn á sínum forsendum, ómissandi þáttur í vetrarstarfinu.

Reiðnámskeið fyrir yngstu kynslóðina voru mjög vel sótt og ljóst að í hmf. Spretti eru gríðarlega efnilegir knapar fram tíðar. Einnig var boðið uppá fjölda reiðnámskeiða fyrir börn á aldrinum 10 til 13 ára bæði keppnisnámskeið sem og grunnþjálfunarnámskeið. Fyrir unglinga á aldursbilinu 14 – 18 ára, var boðið uppá keppnisnámskeið, grunnþjálfunarnámskeið og knapamerkjánámskeið. Yngstu félagar úr hmf. Spretti tóku þátt í „Æskan og hesturinn“ sem er viðburður haldinn sameiginlega með hestamannafélögum á höfuðborgarsvæðinu. Æskulýðsmót var haldið 1.mai og fengu félagar á aldrinum 10 til 21 árs að spreyta sig þar með framtíðar keppnishesta. Landsmótnefnd ásamt Æskulýðsnefnd hélt utanum keppnis karakkana okkar á LM og var með þau í þjálfunar búðum vikunnar fyrir landsmót.

Hestamennska er fjölbreytt íþrótt og meginþorri iðkenda stundar þessa íþrótt sér til heilsubótar og ánægu, aldursbilið í íþróttinni er stórt, hápunkur hvers árs í hestamennsku er að fara í eina góða hestaferð, í hestaferðum er ekkert kynslóðabil, allir geta tekið þátt og markmiðið allaf það sama að njóta þess að stunda hestaíþróttina í fallegu umhverfi og góðra vina hópi.

Mikilvægt er fyrir okkur sem stundum hestaíþróttir á þéttbýlissvæði að standa vörð um skipulag svæða í kringum hestahúsabyggðir þannig að ekki verði þengt um of að starfsemi hestaíþróttafélaga, best er að vinna þetta í sátt og samlyndi við sveitafélög og aðra viðkomandi aðila.

Hestamannafélagið Sprettur febrúar 2015.



## Íþróttafélagið „Stál-úlfur“



